

## Ætlar án ökklabands á Alþingi

**Guðmundur Ingi Þóroddsson** hefur verið í fangelsi í sextán ár frá aldamótum og kynnst eitraðri menningu og úrræðaleysi kerfisins. Hann losnar úr ökklabandi í dag og ætlar sem frjáls maður að halda hagsmunabaráttu fanga áfram með Afstöðu. Jafnvel með þingframboði, ef ráðherrar svara ekki ákalli um úrbætur. ➔ 16



Það á enginn að þurfa að sitja undir því að vera í fangelsi og vera stöðugt hræddur.



### Afi álfur

Afi Jóns Bjarka undirbjó eigin jarðarför, á meðan hann leitaði að sínum innri álf. ➔ 18



### Ríki Vatnajökuls

Ása Steinarsdóttir myndaði stórbrotið landslag Vatnajökulspjóðgarðs. ➔ 20



### Athvarf frá amstrinu


Dísa og Arnór vilja skapa rými þar sem fólk getur kúplað sig frá daglegu amstri. ➔ 38



**ALVÖRU MATUR**  
**Á ÖRFÁUM MÍNÚTUM**



## Veður



Austlæg átt í dag, 8-15 og rigning SA-lands, en annars víða skúrir. Hiti 9 til 17 stig, svalast og hvassast á Vestfjörðum. **SJÁ SIÐU 28**



Marabonið fer fram í ágúst á ári hverju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Örlög hlaupsins rædd eftir helgi

**SAMFÉLAG** Óvissa ríkir um örlög Reykjavíkumaraþonsins sem fara átt fram 22. ágúst. Fyrir helgi stóð enn til að hlaupið færi fram þrátt fyrir heimsfaraldurinn, en með breyttu sniði í samráði við almannavarnir. Til greina hefur meðal annars komið að skipta þátttakendum í hópa.

Í ljósi þeirra takmarkana á samkomum sem tóku gildi í gær, gæti þurft að endurskoða ákvörðun um að halda hlaupið. Samkvæmt upplýsingum frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur sem heldur utan um hlaupið, hefur verið boðað til fundar með helstu forsvarsmönnum þess á þriðjudaginn.

Fjöldmörg góðgerðafélög njóta góðs af hlaupinu og verði því aflýst mun það hafa áhrif á fjárhag þeirra vegna styrkja sem komið hafa í gegnum áheiti á hlaupara. – aá

## Minni umferð en á síðasta ári

**UMFERÐ** Umferð á Suðurlandsvegi var tæplega þriðjung minni í gær en í upphafi verslunarmannahelgarinnar á síðasta ári. „Ég sá hjá Vegagerðinni í gær að það óku um 19 þúsund bílar um Geitháls í fyrra en þeir eru um níu þúsund það sem af er degi núna,“ segir Aðalsteinn Guðmundsson, varðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar, síðdegis í gær.

Umferðin út úr bænum gekk vel að hans sögn, öllum stilltu hraða í hof og fáir fengu sektir. – aá

## Grímulaus ruglingur



Eftir töluverðan rugling um sóttvarnareglur í strætó tilkynnti Strætó síðdegis í gær að farþegum yrði ekki skylt að bera grímur í strætó. Mælt var hins vegar til þess að farþegar hefðu grímu á sér til að nota á þeim tímum þegar fjölmennast er í vögnum. Tilkynningin dugði þó ekki til að sefa ágreining um grímnotkun og hefur málinu verið skotið til almannavarna. Gert verður út um deiluefnið á upplýsingafundi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Forsetahjónin voru hylt á Austurvelli árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Forseti settur í embætti í dag

**SAMFÉLAG** Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson verður settur í embætti í annað sinn í dag, en samkvæmt stjórnarskrá hefst kjörtímabil forseta 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum.

Athöfnin fer fram á Alþingi venju samkvæmt, en verður minni í sniðum að þessu sinni en venjulega vegna sóttvarnaráðstafana.

Þess er einnig minnst í dag að 40 ár eru liðin frá því að frú Vigdís Finnbogadóttir var sett í embætti í fyrsta sinn árið 1980. – aá

# Geirfuglarnir hjóluðu þvert yfir allt Ísland

Fjórir félagar, sem nefna sig Geirfuglana, unnu það afrek á dögnum að hjóla þvert yfir Ísland, frá Reykjanestá og yst út á Langanes. Ferðin tók tólf daga og gekk að mestu stórslysalaust enda vanir hjóla- og útivistarmenn á ferðinni.

**FERÐALÖG** „Þessi hugmynd hefur blundað í mér í smá tíma en síðustu sumur hafa mögulegir ferðafélagar aldrei verið lausir á sama tíma. Út af faraldrinum voru allir klárir í ár og þess vegna ákváðum við að kýla á þetta,“ segir Geir Gunnarsson meðlimur Geirfuglanna, sem luku á dögnum því afreki að hjóla yfir allt Ísland, horn í horn.

„Við byrjuðum á Reykjanestánni og hjóluðum síðan á ská yfir allt landið og enduðum yst á Langanesi. Ég veit ekki hvort að þetta hafi verið gert áður á hjóli og það væri áhugavert ef einhver getur leiðrétt okkur með það,“ segir Geir. Ásamt honum hjóluðu tveir bræður hans, Magnús og Pétur Már Gunnarssynir, með honum, sem og vinur hans Kristján Guðni Bjarnason sem slóst með með í för.

„Við erum vanir hjólamenn og höfum talsverða reynslu af útivist og fjallgöngum. Þannig að við höfðum góðan grunn og höfðum einnig undirbúið okkur vel,“ segir Geir.

Alls tók leiðangurinn tólf daga og reyndi töluvert á, eins og gefur að skilja, enda einsettu leiðangursmenn sér að hjóla sem minnst á tilbúnum vegum, heldur frekar um fjöll og firnindi. „Það kom okkur í opna skjöldu að fyrsta dagleiðin á Reykjanesinu var ein sú erfiðasta. Við lentum í miklu roki og vorum ansi framlágir eftir þann dag. En á móti vorum við heppnir með veður á hálendinu. Fyrir fram hafði maður mestar áhyggjur af nokkrum dagleiðum þar,“ segir Geir.

Eftir fyrsta daginn gistu þeir heima hjá sér á höfuðborgarsvæðinu, en það sem eftir var ferðarinnar fylgdi þeim trúsbíll. „Það var mikill lúxus. Bjarni Sighvatsson, faðir



Geirfuglarnir við upphaf leiðangursins á Reykjanestánni. MYND/ADSEND

**Daginn eftir, þegar ég vaknaði upp í heitu rúmi þá var ég alveg ónýtur.**

Kristján Guðna, keyrði bilinn og þar var nóg af vistum og búnaði auk þess sem við gátum tekið tjöld með.“

Ferðin gekk að mestu stóráfallaust þó að einstaka fall eða aumur vöðvar og liðir hafi stundum valdið tímabundnum vandræðum fyrir einstaka Geirfugla. Fjórmenning-

arnir luku því allir leiðangrunum erfiða.

„Maður var furðu góður í skrokknum á meðan á þessu stóð. Þetta er gríðarlegt álag og brennsla, en það er eins og líkaminn venjist því fljótt eða slökkvi á sársauka-skynjunum,“ segir Geir. Hann segist helst hafa fundið fyrir verkjum í rassinum, enda talsvert álagssvæði í langri hjólaferð, en skellurinn hafi eiginlega komið þegar púlinu var lokið.

„Daginn eftir, þegar ég vaknaði upp í heitu rúmi þá var ég alveg ónýtur. Skrokkurinn er bara flak. En ég vona að það jafni sig fljótt og vel,“ segir Geir og hlær.

[bjornth@frettabladid.is](mailto:bjornth@frettabladid.is)

# HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?

Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur. Ökum allsgáð.

Minningarsjóður Lovísu Hrundar | [lovisahrund.is](http://lovisahrund.is)

# FERÐASUMARIÐ MIKLA



## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÍLANAUST



FARANGURSBOX



ÞVERBOGAR



REIÐHJÓLAFESTINGAR



HLIÐARSPEGLAR



TRAPPA



DÚKUR Í FORTJALD



KÆLIBOX



BÓNVÖRUR



NEYSLUGEYMAR



HLEÐSLUTÆKI



STRAUMBREYTI



Á FULLRI FERÐ



STÓRVERSLUN  
DVERGSHÖFÐA 2  
110 REYKJAVÍK  
S. 535 9000

Vatnagarðar 12  
104 Reykjavík  
S. 535 9000

Dalshrauni 17  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargata 52  
260 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

[www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)

# Hátt í þrjúhundruð manns eru í sóttkví og fimmtíu í einangrun

**COVID-19** Fimmtíu manns eru í einangrun vegna kórónaveirusmits á Íslandi. Af þeim eru níu með smit af óþekktum uppruna. Unnið er að rakningu. Þeirra á meðal er erlendur ferðamaður sem greindist neikvæður við skimun á landamærum en jákvæður í annarri sýnatöku á fimmtudagskvöld. Hann er nú í einangrun á Akureyri, en þrír úr fjölskyldu hans í sóttkví.



Þriðri var fullmannað á COVID-vaktinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einn er enn á spítala vegna veikinda af völdum veirunnar. Í sóttkví voru 287 þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Íslensk erfðagreining vinnur nú aftur að skimun einstaklinga fyrir COVID-19 í samvinnu við sóttvarnalækni. Skimunin fer fram í Turninum í Kópavogi.

Skimun hefur aftur farið af stað hjá Íslenskri erfðagreiningu

» Næstu dagar og vikur ráða úrslitum um hvort dregið verði úr eða bætt í.

með það að markmiði að kanna útbreiðslu veirunnar hér á landi, svo hægt sé að meta þörf fyrir frekari aðgerðir. Þá er vonast til að hægt verði að rekja uppruna smitanna sem nú eru í gangi.

Fólk sem er boðað í skimun fær boð um þátttöku með textaskilaboðum og hvetur sóttvarnalækni alla sem fá boð til að taka þátt.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalækni sagði á upplýsingafundi almannavarna í gær að næsta vika eða tvær muni ráða úrslitum um það, hvort slakað verði aftur á samkomutakmörkunum eða hert enn meira á þeim. – aa, – ókp

## Engin biðröð í íslensk vegabréf

**SAMFÉLAG** Íslendingar hafa verið lítið á faraldsfæti að undanfögnu, sem fékkst endanlega staðfest með tilkynningu Þjóðskrár um útgefin vegabréf fyrir júnimánuð. Þar segir að í júní hafi aðeins verið gefin út 879 vegabréf en í sama mánuði í fyrra voru gefin út 3.231 vegabréf. Það gerir fækkun upp á 73 prósent milli ára. Það má því búast við að hin margfræga vegabréfaröð sé ekki jafn löng þessi misserin. – bb

## Hlé á keppni og og æfingum

**COVID-19** Hlé verður gert á æfingum og keppni í íþróttum með snertingu til 13. ágúst. Hléið tekur til allra sem fæddir eru 2004 og fyrr. Æfingar og keppni í íþróttum án snertingar, getur haldið áfram, að virtum reglum almannavarna.

Einn leikmaður Vikings í Ólafsvík er smitaður af COVID-19. Þetta kom fram í tilkynningu frá Vikingi. Stjórn KSÍ hafði þegar samþykkt að fresta öllum leikjum til fimmta ágúst, á aukafundi stjórnar sambandsins á fimmtudag. Lengju-deildin og 2. deild karla áttu að spila á mánudag og Pepsi-deildin átti að fara aftur af stað á þriðjudag. – bb

## Hópuppsagnir í júlí voru tvær

**SAMFÉLAG** Vinnumálastofnun var tilkynnt um tvær hópuppsagnir í júlí sem ná til 79 manns. Það eru helmingi færri en sagt var upp í júní, þegar 155 var sagt upp í hópuppsögnum. Kúfurinn var hins vegar í apríl og maí, þegar yfir fimm þúsund manns var sagt upp í 58 hópuppsögnum.

Vinnumálastofnun tilkynnti í gær að þjónustuskristofnum verði lokað í ljósi hertari reglna um sóttvarnir og til að tryggja afgreiðslu bóta. – aa

# Áfrýja og krefjast tugmilljóna áfram af Jóhanni Helgasyni

Jóhann Helgason er ekki sloppinn undan 44 milljóna króna kröfu Warner og Universal eins og hann hélt, eftir að dómstóllinn hafnaði kröfunni. Áfrýjun tónlistarfyrirtækjanna verður tekin fyrir samhliða áfrýjun Jóhanns sjálfs, eftir að máli hans vegna meints stuldar á Söknuði var vísað frá dómi í Los Angeles.

**DÓMSMÁL** Tónlistarfyrirtækin Warner og Universal hafa áfrýjað ákvörðun dómstóls í Los Angeles um að hafna kröfu þeirra, um að Jóhann Helgason greiði þeim 323 þúsund dollara í málskostnað í lagastuldarmálinu um lagið Söknuð.

Áfrýjunin kemur á óvart, því að í herbúðum Jóhanns var talið að andstæðingar hans gætu ekki áfrýjað höfnun málskostnaðarkröfunnar. Annað er nú komið á daginn. Samkvæmt tilkynningu áfrýjunardómstólsins, verður áfrýjun Warner og Universal til meðferðar samhliða áfrýjun Jóhanns sjálfs, vegna þess að máli hans hafði verið vísað frá dómi. Á gengi dagsins í dag nemur krafan á hendur Jóhanni jafnvirði 44 milljóna króna.

„Það er tæplega nokkur ástæða til að ætla að það komi nokkuð út úr þessu fyrir þá,“ segir Jóhann. Í niðurstöðu dómarsins varðandi málskostnaðarkröfuna hafi verið bent á fimm grundvallaratriði sem þyrfti að uppfylla svo dæma mætti Jóhann til að greiða lögmannskostnað Warner og Universal. Snerust þau meðal annars um hvort málatilbúnaður Jóhanns væri tilhæfufull, út í hött og settur fram afillum hug. „Dómarinn strokaði öll þessi atriði út og þetta er því fátæktleg krafa en hún eru auðvitað gerð til að teygja og tefja málið. Þeir nota öll brögð sem þeir geta, sérstaklega til að auka kostnaðinn enda er slíkt ekkert sem þeir þurfa að hafa áhyggjur af,“ segir Jóhann sem sér fram á milljóna króna viðbótarkostnað vegna áfrýjunarinnar.

Miðað við vinnslu mála hjá áfrýjunardómstólum segir Jóhann



Jóhann Helgason trúir ekki að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað andstæðinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

» Þeir nota öll brögð sem þeir geta, sérstaklega til að auka kostnaðinn enda er slíkt ekkert sem þeir þurfa að hafa áhyggjur af.

Jóhann Helgason tónlistarmaður

niðurstöðu þar að vænta í fyrsta lagi í desember 2021. Málið verði tekið fyrir af þremur dómurum. Verði þá fallist á kröfu hans um áfrýjun, hefjist málið upp á nýtt við dómstóllinn í Los Angeles þar sem það var upphaflega rekið.

Jóhann segir málskostnaðarkröfu andstæðinga sinna hafa gert lögmanni hans kleift að setja inn

gögn sem ekki hafi mátt leggja fram áður en muni nú gagnast í málinu öllu. Þetta eigi sérstaklega við um lögfræðilít sem unnið var fyrir Jóhann í Englandi árið 2008 og hann telji hagstætt fyrir sig. „Og auðvitað vonar maður að á endanum verði úrskurður tveggja dómara af þremur manni í hag.“ gar@frettabladid.is

## ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTBREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323




Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og ihluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluta í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK  
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



# Nýr JAZZ e:HEV

## Hybrid sem örvar



**5** ÁRA ÁBYRGÐ  
HONDA Á ÍSLANDI

### Ný og glæsileg Jazz-lína er komin á sviðið.

Nýja Jazz-línan er hönnuð með tæru samfelldu sniði sem hefur lítið viðnám og er einfaldlega glæsilegt. Jazz Crosstar er nýr í hópnum. Hann er hannaður fyrir virkan lífsstíl þar sem útlitið er nútímalegt og hraustlegt. Upplifðu næstu kynslóð e:HEV blendingstækni sem veitir rafmagnaða og kraftmikla akstursupplifun með frábærum afköstum og hagkvæmi ásamt lítilli losun.

**Komdu í heimsókn í Honda á Fosshálsi 1 og upplifðu nýjan Honda Jazz og Crosstar.**

Honda Jazz hybrid kostar frá

**3.790.000 kr.**

Sjálfskiptur, 109 hestöfl,  
meðaleyðsla 4,5 l/100km<sup>WLTP</sup>



Carrie Lam, leiðtogi heimastjórnar Hong Kong, sætir harðri gagnrýni.

## Kosningunum frestað um ár

**HONG KONG** Stjórnvöld í sjálfstjórnarhéraðinu Hong Kong hafa frestað þingkosningum, sem áttu að fara fram í september, um eitt ár. Yfir hundrað smit á dag hafa greinst í Hong Kong undanfarna tíu daga.

„Þetta er erfiðasta ákvörðun sem ég hef tekið undanfarna sjö mánuði,“ sagði Carrie Lam, leiðtogi heimastjórnarinnar.

Stjórnarandstaðan sakar yfirvöld um að nota kórónaveirufaraldurinn sem afsökun til að koma í veg fyrir að almenningur fái að kjósa. – **bp**

## Lækkandi aldur sjúkra á Spáni

**SPÁNN** Heilbrigðisvæðing á Spáni hafa varað við því að nú sé verið að leggja yngri fólk inn á gjörgæslu vegna bráðatilfella af COVID-19, en ekki aðeins eldri sjúklinga.

El País vitnar til viðvörunar frá Fernando Simón hjá heilbrigðisráðuneyti Spánar, sem biðlar til ungmenna að fara varlega. Þau séu álitin kærulausari gagnvart því að gæta sín og samskipti þeirra séu uppspretta aukningar í smiti.

Meðalaldur kvenna sem greinast með COVID-19 á Spáni er 41 ár og karla 45 ár. „En sé eingöngu litið til gagna frá síðustu þremur vikum er meðalaldurinn mun lægri eða 38 ár hjá konum og 36 ár hjá körlum. Í mars og apríl hafi meðalaldur sjúklinga verið yfir 60 ár. – **gar**



Helena Dalli, framkvæmdastjóri jafnréttismála ESB.

## Hætt við styrki til pólskra bæja

**EVROPA** Evrópusambandið hefur ákveðið að draga til baka styrki til sex bæja í Póllandi, sem höfðu gefið út opinberar yfirlýsingar um að þeir væru LGBT-frísvæði, það er svæði sem væru laus við samkynhneigða og kynleiðrétt einstaklinga.

Styrkirir voru vegna fyrirætlana um vinabæjasamskipti pólsku bæjanna við aðra evrópska bæi. Helena Dalli, framkvæmdastjóri jafnréttismála hjá Evrópusambandinu, segir að grunnildi og réttindi verði að virða og því hefði ákvörðunin verið tekin.

Alþjóðlega mannréttindavaktin (International Observatory of Human Rights) upplýsti í mars að þriðjungur pólskra bæja hefði skilgreint sig sem LGBT-frísvæði síðan 2019.

Í byrjun þessa mánaðar ákvað borgin Nieuwegein í Hollandi að slíta vinabæjartengslum sínum við pólsku borgina Pulawy, því að stjórnvöld þar ákvaðu að lýsa því yfir að borgin væri LGBT-frísvæði. – **bp**

## Fauci sat fyrir svörum



Dr. Anthony Fauci og aðrir heilbrigðisfræðingar sátu fyrir svörum í bandaríska þinginu í gær, en þeir voru kvaddir fyrir sérnefnd sem hefur viðbrögð ríkisstjórnar Donalds Trump við heimsfaraldri kórónaveirunnar til rannsókna. Fauci fjallaði um mikilvægi þess að vísindaleg þekking um veiruna og gæði greininga verði bætt. Hann er hóflega bjartsýnn á að öruggt bóluefni við COVID-19 verði til reiðu fyrir lok þessa árs. MYND/GETTY

# Spyr um ábyrgð sveitarfélags í málinu um legsteinasafn Páls

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Páls Guðmundssonar á Húsafelli segir Pál hafa reist umdeilt legsteinasafn með byggingarleyfi frá sveitarfélaginu og beri ekki ábyrgð á formgöllum í auglýsingum á skipulagi. Páll var dæmdur til að rífa safnið fyrir miðjan september. Byggðaráð Borgarbyggðar harmar stöðuna.

**DÓMSMÁL** „Það er afar sérstakt að röð af minniháttar mistökum geti leitt til tugmilljóna tjóns fyrir borgarann,“ segir Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Páls Guðmundssonar á Húsafelli sem dæmdur hefur verið til að fjarlægja legsteinasafn af lóð sinni.

Eins og fram hefur komið dæmdi Héraðsdómur Vesturlands Pál á Húsafelli til að fjarlægja byggingu yfir legsteinasafn, sem verið hefur í smíðum á síðustu árum. Var það gert að kröfu Sæmundar Ásgeirssonar, sem á Gamla bæinn svokallaða og rekur þar gistipjónustu.

„Málið er auðvitað afar sérstakt,“ segir Ragnar. „Páll byggði samkvæmt byggingarleyfi stjórnvalds, hann byggði aldrei í leyfisleysi: þetta er ekki óleyfisframkvæmd eins og stundum er talað um.“

Ragnar segir að rekja megi málið til mistaka við birtingu auglýsinga sem varði þetta svæði. Það hafi ekki verið hlutverk Páls að annast þær auglýsingar, heldur Borgarbyggðar. Nágranni sem sé ekki sáttur við Pál vegna sameiginlegs bílastæðis þeirra hafi áttað sig á þessu og hrint málinu af stað.

„Og það leiðir til þessarar niðurstöðu, að þrátt fyrir byggingarleyfi, þá eigi byggingarleyfið sér ekki næga stöð í réttilega auglýstu skipulagi. Þetta hefur ekkert með efni máls að gera, þetta er bara eintómt form. Þannig að formið trompar öll réttindi,“ útskýrir Ragnar.

Aðspurður hvort til standi að rífa legsteinasafnið, eins og dómurinn kveður á um, segir Ragnar málið allt í athugun hjá aðilum málsins. „Það er enn nægur tími til þess áfrýja,“ segir Ragnar, sem kveðst ekki vita hvort flötur sé á sáttum í málinu.



Legsteinasafnið, sem 14. júlí síðastliðinn var dæmt til niðurrifs innan tveggja mánaða, er til hægri.

**Hvar liggur ábyrgð stjórnvaldsins – sveitarstjórnarinnar – þegar upp verður staðið að lokum?**

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Páls Guðmundssonar á Húsafelli



„Svo er það spurning: hvar liggur ábyrgð stjórnvaldsins – sveitarstjórnarinnar – þegar upp verður staðið að lokum?“ spyr Ragnar.

Málið allt mun leggjast þungt á sveitarstjórnarmenn í Borgarbyggð. Á síðasta fundi sínum kvaðst byggðarráð harma þá stöðu sem komin sé upp varðandi fyrirkomulag bygginga á Húsafelli. Ráðið sagðist um leið á rétta þá stefnu sem miði að því að á Húsafelli verði veitt

fjölbreytt þjónusta. „Mikilvægt er að eigendur lands og fasteigna komi sér saman um fyrirkomulag bygginga og tengdrar aðstöðu, með gerð deiliskipulags og hvetur byggðaráð þá til að láta á það reyna áður en núverandi fyrirkomulagi mannvirkja er breytt. Sveitarfélagið hefur bодist til að hafa frumkvæði að gerð deiliskipulagsins og það stendur enn til boða,“ segir byggðarráðið. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

# VIÐ ÁSÖKKUM

ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur, Katrínu sjálfa, og hér þó einkum Guðmund Inga Guðbrandsson, umhverfisráðherra, en líka Sigurð Inga Jóhannsson og Bjarna Benediktsson, harðlega, fyrir að standa að, leyfa eða líða það sem við teljum vera

## STÓRFELLT DÝRANÍÐ;

## HREINKÝR DREPNAR FRÁ LITLUM OG BJARGARLAUSUM KÁLFUM ÞEIRRA:

Í dag, 1. ágúst, má aftur fara að skjóta hreinkýr, en kálfar þeirra fæðast fram að mánaðamótum maí-júní, og eru yngstu kálfar því rétt 8 vikna. Ekkert 8 vikna spendýr, hvorki hvolpar, lömb, kálfar né folöld, hafa náttúrulega burði til að standa á eigin fótum, ein með sjálfu sér, enda drekka hreinkálfar móðurmjólkina minnst til 5 mánaða aldurs og fylgja móður sinni fram á næsta vor, ef bæði lifa. Í september í fyrra beindi Fagráð um velferð dýra, undir stjórn yfirdýralæknis, þeim tilmælum til Umhverfisstofnunar (UST) og umhverfisráðherra, „að kýr verði ekki skotnar frá kálfum yngri en þriggja mánaða“. Skv. því hefði alls ekki mátt byrja að fella hreinkýr fyrr en 1. september. Guðmundur Ingi ákvað þó að fara að vilja Náttúrustofu Austurlands (NA) og UST, þar sem veiðimenn virðast gefa tóninn, eða ráða för, og fjárhagslegur ávinningur þessara stofnana og austfirskra bænda og landeigenda spila stóra rullu, í stað þess að taka af skarið og beita eigin valdi til að forða augljósu og kaldrifjuðu dýraníði. „Grænt“ var greinilega gleymt. Dýrin kvarta heldur ekki, en veiðimenn vaða uppi og er þægilegra að hafa þá stillta og góða. Eins var það gleymt eða virt að vettugi, að skv. skýrslum NA, benda allar líkur til þess, að um 600 hreinkálfar hafi farizt veturinn 2018-2019, en á sumum svæðum fórst allt að annar hver kálfur. Var vetur þó í mildara lagi. Líklegt er, að mestur hluti þeirra kálfa, sem fórust með þessum hörmulega hætti - úr hungri, kulda og vosbúð - hafi verið móðurlausir angar.

Allir, sem láta sig dýra-, náttúru- og umhverfisvernd nokkru skipta, verða að velta því fyrir sér, hvort þeir vilji styrkja þetta fólk til nýrra valda. Það eru kosningar næsta haust.

JARÐARVINIR

Félagasamtök um dýra-, náttúru- og umhverfisvernd  
Ole Anton Bieltvedt, formaður

# Dagar sumars



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Árið er riflega hálfnað og óhætt að segja að það hafi verið viðburðaríkt. Óþarft er að rekja þau ósköp öll um veðurham og óáran. En nú er sumar og þá gleymist margt. Íslensk sumar eru óviðjafnanleg og þegar veður er upp á sitt besta, eins og verið hefur undanfarið, gleðjast gumar og leiðindi og þras hverfa og gufa upp eins og dökk á lyngi.

Á ferð um landið leynir sér ekki að erlendir ferðamenn eru færri en undanfarin sumar. Staðir þar sem ekki var þverfótað fyrir ferðafólki af fjölbreyttu þjóðerni eru nú fáfarnir og augljóst að innviðir, sem ætlað var að anna mun meiri aðsókn, eru vannýttir. Við allra vinsælustu náttúruperlur eru erlendir ferðamenn á stangli. Síld verra daga vandfundin um þessar mundir. Hún kom og hún fór, eins og forðum.

Í anda augnabliksins fögnum við því að hafa svigrúm til að njóta íslenskrar náttúru. Óviðjafnanlegri, sem við sumpart höfum gleymt. Undir niðri er vissan um að afleiðingar horfins straums erlendra ferðamanna, bæði á menn og land, eru viðtækar og áhrifin geta orðið langvinn. Af hvaða tekjum taka ferðaþjónustufyrirtækin afborganir og vexti af reisulegri uppbyggingu sem nú aflar takmarkaðra tekna?

Þetta horfir þó til betri vegar – ferðamannaflaumurinn utan frá eykst skref frá skrefi og smám saman verður þetta harðræði að baki, þótt engum sé fullkomlega rótt. Að ekki sé nú minnst á nýjustu tíðindi af óværunni með auknum takmörkunum.

Í bjartri sumarnóttinni eru samt engar alvöru áhyggjur. Allt verður gott á ný. Puntstrá í munni og stöku súra, ilmur af töðu, fuglakvak og sudandi flugur.

En það er ástæða til að hafa á sér vara. Fjöldi þeirra sem misstu vinnu sína í miðju kófinu munu ekki fá störf sín aftur og fara á berstripaðar atvinnuleysisbætur þegar hausta fer, eða jafnvel fyrr. Greiða þarf af húsnæðislanum og sjá sér og sínum farborða. Nauðsynjar ganga fyrir öðru. Þetta fólk mun ekki kaupa gistingu eða viðurgjörning.

Í algleymi sumars má þetta ekki gleymast. Atvinnuleysisbætur duga vart nema til sárustu nauðpurfta. Umsetningu í íslensku efnahagslífi verður ekki haldið uppi af þessu fólk.

Að ferðaþjónustunni slepptri hefur atvinnuuppbygging utan höfuðborgarsvæðisins á undanförunum árum verið einstaklega óuppbyggileg. Þau tvö kísilver sem hér hafa reynt að hasla sér völl hafa reynst tálsýn, svo dæmi sé tekið. Í tilvikum PCC á Bakka við Húsavík var sendingin hefndargjöf. Gamaldags kjördæmapot bætti ekki úr skák og sérkennilegt að forystumaður í grænni hreyfingu skyldi gangast fyrir að leggja á kjósendur slíkar hörmungar. Og óvist er hvort starfsemi Sameinaðs silikons á Suðurnesjum hefjist á ný, enda sá rekstur byggður á blekkingarleik frá upphafi.

En frá náttúrunnar hendi er landið gjöfult og hér er blómlegt. Þar er ekki um að villast. Það er því engin ástæða til að órvænta.

Okkur leggst eitthvað til.



Að ferðaþjónustunni slepptri hefur atvinnuuppbygging utan höfuðborgarsvæðisins á undanförunum árum verið einstaklega óuppbyggileg.

## Gunnar



## Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



### Dómnefndin

Þú hefur augljóslega ekki farið í klippingu lengi“ og „vissirðu að hár vex hraðar á sumrin,“ voru þær athugasemdir sem ég fékk frá doktorsnámsnefndinni eftir að ég kynnti rannsóknaráætlun mína um samband svefnis og krabbameins fyrir meira en tíu árum. Ég man ekki aðrar samræður sem fóru fram þarna á fundinum, en hvaða burði ég hafði til námsins virtist aukaatriði. Minn ytri maður – kvenmaður – vakti meiri athygli en sá innri.

Athugasemdir sem þessar eru ekki einsdæmi, hvorki í minn garð né annarra, sem hafa ekki talist til svokallaðra staðalímynda: „Ertu í alvöru lækni? Ég hélt þú værir fermingarbarn!“ Vertu hinsegin. Vertu svona. Vertu einhver önnur en þú ert.

#### „Ó“-viðeigandi útlit

Á dögunum birtist grein í virtu tímariti æðaskurðlækna. Það sem gerir greinina merkilega er að hún sýnir upp hroka, fordóma og fyrirleitningu, sem fyrirfinnst meðal ákveðinnar tegundar fólks sem við rekumst á daglega. Manneskjur þessar finnast í öllum stéttum og stöðum samfélagsins og eiga það sameiginlegt að telja sig betri en aðra. Gáfaðri. Klárari. Betur klædda. Virðulegri. Með betri klippingu.

Á bak við umrædda grein eru sjö læknafræðingurinn Neil deGrasse Tyson segir að atómín sem við erum samsett úr getum við rakið til stjörnuvirkis – stjarna sem sundruðust í vetrarbrautinni. Biblían segir að guð hafi skapað Adam úr jarðvegi og Evu úr rífi Adams. Af þeim sé mannkynið sprottið. Hvora kenninguna sem við adhyllumst, þá eigum við öll sama uppruna.

Hvenær ætlað feðraveldið að slaka aðeins á? Fátal og útlit er eitthvað sem við notum til að styðja við okkar innri mann – en kemur ekki í staðinn fyrir hann.

#### Öll af sama uppruna

Stjarnæðlisfræðingurinn Neil deGrasse Tyson segir að atómín sem við erum samsett úr getum við rakið til stjörnuvirkis – stjarna sem sundruðust í vetrarbrautinni. Biblían segir að guð hafi skapað Adam úr jarðvegi og Evu úr rífi Adams. Af þeim sé mannkynið sprottið. Hvora kenninguna sem við adhyllumst, þá eigum við öll sama uppruna.

Í grunninn erum við gerð úr sömu atómum, hvort heldur við erum kona eða karl, hvít eða svört, stutthærð eða síðhærð.

Æðaskurðlæknagreinin er eitt súrt dæmi um hvernig ákveðinn hópur fólks telur sig hafa rétt til þess að dæma og drottna yfir öðrum. Fólk sem tekur sér vald til að kúga aðra með háðsorðum, til að fylgja ímyndaðri formúlu um meðal annars klæðaburð eða klippingu. Með því að sperra sig hljóti þeir að vera meira viðeigandi.

Ámæli um útlit er alvarlegt mál, því þegar við byrjum að þóknast öðrum til að komast hjá óþægilegum athugasemdum, þá erum við ekki lengur að lifa eftir eigin lífsgildum. Óþægilegar athugasemdir um útlit eru ekkert annað en gamaldags viðhorf sem þjónur engum tilgangi, öðrum en að upphefja egó eiganda þeirra.

Því þótt einhver hafi plagg um menntun þá gerir það hinn sama ekki að sérstökum saksóknara í málum um staðalímyndir og útlit annarra. Okkar eigið útlit kemur í raun engum við nema okkur sjálfum, enda ólíklegt að það teljist glæpsamlegt.

Ög ef útlit annarra fer í taugarnar á okkur, þá höfum við alltaf val um að líta í eigin barm, eða líta annað.

NÝBAKAÐ  
BRAUÐ  
ALLA DAGA

• Austurströnd 14  
• Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is



# KRÓNAN

# OPIÐ ALLA HELGINA!

Í öllum verslunum  
sjá nánar á [kronan.is](http://kronan.is)



Franklins drykkir, 200 ml

**169** kr. stk.



Calypso límonaði, 473 ml

**399** kr. stk.



Fun þykkni, 1 lítri

**270** kr. stk.



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

# Dreymir um að dæma í efstu deild

Írakinn Twana Khalid Ahmad fluttist hingað til lands fyrir þremur árum. Ahmad fékk íslenska kennitölu fyrir tveimur árum síðan. Hann var knattspyrnudómari í heimalandi sínu frá 16 ára aldri. Þegar hann kom svo til Íslands byrjaði hann að dæma hér á landi.

**FÓTBOLTI** „Ég spilaði fótbolta þegar ég var ungur og 16 ára gamall fór ég svo að dæma leiki. Ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á dómgæslu og þegar við félagarnir vorum að leika okkur í fótbolta tók ég oft að mér að dæma leikina.

Það var draumurinn að dæma í efstu deild í Írak og á alþjóðlegum vettvangi. Sökum þess að ég er Kúrdi þá var mér haldið frá alþjóðlegum verkefnum, en ég dæmdi hins vegar í efstu deild í Írak áður en ég fluttist þaðan,“ segir Ahmad um bakgrunn sinn.

„Knattspyrnusambandið í Írak er staðsett í Bagdad og því er stjórnað af sjúum. Sú staðreynd að ég er Kúrdi varð til þess að ég fékk ekki stærstu verkefnið í heimalandinu og ekki möguleikann á að fá alþjóðleg verkefni sem Írökum standa til boða.

Félagar mínir í írösksku dómara-stéttinni sem eru Arabar búsettir í Bagdad, fengu hins vegar sjénsinn. Það var mjög sorglegt að geta ekki þróað dómaraferil minn meira í heimalandinu mínu vegna þjóðfélagsstöðu minnar þar,“ segir hann enn fremur um reynslu sína.

**Fékk ekki að dæma leiki hjá fullorðnum í Þýskalandi**

„Ég hef aftur á móti dæmt leiki í efstu deild í Írak og leiki í Katar. Fyrir fimm árum síðan flutti ég með fjölskyldu minni og móður minni og föður í flóttamannabúðir í Þýskalandi. Þar langaði mig að fá tækifæri til þess að dæma hjá fullorðnum í deildarkeppni. Þar sem ég kann ekki þýsku fékk ég einungis að dæma hjá börnum, þrátt fyrir að ég væri með alþjóðleg dómaraþróf frá FIFA,“ segir Ahmad um dvöl sína í Þýskalandi.



## KORPUSKÓLI TIL LEIGU

Húsnæði sem til þessa hefur hýst Korpuskóla er til leigu. Húsið Bakkastaðir 2 er 2.816 m<sup>2</sup> á einni hæð og er hannað sem skólalúsnæði en getur nýst vel fyrir aðra starfsemi. Það er allt laust til leigu, en einnig er mögulegt að bjóða í leigu á hluta hússins.

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar sýnir húsið og veitir nánari upplýsingar. Fyrirspurnir sendist á netfangið: [esr@reykjavik.is](mailto:esr@reykjavik.is)

Tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu hússins skal skila í lokuðu umslagi merkt „Leiga á Korpuskóla“ í afgreiðslu þjónustuvers Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 13.00 föstudaginn 28. ágúst 2020.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar á [reykjavik.is/leiga](http://reykjavik.is/leiga)



Twana Khalid Ahmad flutti til Íslands fyrir þremur árum síðan. Hefur 13 ára reynslu sem dómari en þurfti að byrja hér frá grunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þegar við fengum tækifæri til að flytja til Íslands ákváðum við að gripa það og freista þess að leita að betra lífi. Ég vissi nokkuð mikið um Ísland og var meðvitaður um fólksfjöldann og hvar á hnettinum landið er. Ég þekkti Eið Smára [Guð-johnsen] og Gylfa Þór [Sigurðsson]. Það er gaman að sjá að Eiður Smári sé farinn að þjálfa á Íslandi. Ég held hins vegar með Real Madrid, af því að Zinedine Zidane er uppáhalds-leikmaðurinn minn, þannig að ég studdi Eið Smára ekki þegar hann lék með Barcelona.

Ég hélt hins vegar áður en ég kom hingað að hér væri töluð enska. Áður en ég kom hingað var ég þokkalegur í ensku, en ég hef lært hana betur á þeim árum sem ég hef verið hér. Þá er ég farinn að skilja íslensku að einhverju leyti og tala smávegis. Ég skil til dæmis hvað leikmenn eru að segja í kringum mig þegar ég er að dæma, en tjái mig á ensku við þá til baka.

Það er ekki hægt að bera saman hvernig það er að dæma í Írak og hér á landi. Bæði er umhverfið allt annað meðan á leiknum stendur og í kringum leikina. Það er mikill hiti í leikjunum í Írak og allir brjál- aðir, alveg sama hvernig þú dæmir. Á Íslandi eru leikmenn og þjálf- arar vingjarnlegir og gera athuga- semdir við ákvarðanir þínar á mun hófstiltari hátt. Það eru svo dæmi þess að dómara hafi verið líflátnir ef þeir hafa ekki dæmt ákveðnum liðum í hag,“ segir dómariinn.

**Kann Gunnari Jarli og Magnúsi miklar þakkir fyrir hjálpinu**

„Fljótlega eftir að ég kom hingað kynntist ég Gunnari Jarli [Jónssyni] sem þekkir til í dómaraþransanum. Gunnar Jarl kom mér í samband við

Það er ekki hægt að bera saman hvernig það er að dæma í Írak og hér á landi. Bæði er umhverfið allt annað á meðan á leiknum stendur og í kringum leikina.

KSÍ og þar var mér mjög vel tekið. Magnús [Jónsson], dómara- stjóri KSÍ, hefur veitt mér verkefni. Það var svolítið leitt að þurfa að byrja frá botni í ljósi þeirrar reynslu sem ég hef, en ég er fyrst og fremst þakklátur fyrir þau tækifæri sem ég hef fengið. Ég kann mjög vel við það hversu mikið Gunnar Jarl og Magnús hafa aðstoðað mig. Nú er ég að dæma í 4. og 3. deild karla og í 2. flokki karla. Vonandi næ ég að sanna mig og færa mig upp um deildir sem fyrst. Ég ætla að taka þrekprófið fyrir næsta tímabil. Draumurinn er svo að dæma í efstu deild,“ segir þessi metnaðarfulli dómari.

„Okkur liður mjög vel á Íslandi en við konan mín eigum tvær dætur og einn son. Elsta dóttirin er byrjuð í skóla og þau eru öll farin að tala góða íslensku. Börn eru ótrúlega snögg að læra ný tungumál. Ég er að vinna á Bæjarins bestu og við höfum komið okkur fyrir í Garða- bænum. Planið er að færa okkur til Reykjavíkur. Við sjáum fyrir okkur að búa hér áfram og værum vel til í að festa rætur hér. Ísland hefur tekið okkur opnum örmum,“ segir Ahmad. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

Bætum við  
vörum daglega

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

# ÚTSÖLUNNI FER AÐ LJÚKA ALLT AÐ 75% afsl. AF YFIR 4500 VÖRUM

KAFFIVÉLAR,  
ELDHÚSÁHÖLD,  
POTTAR OG PÖNNUR,  
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,  
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,

## ÚTSÖLUNNI FER AÐ LJÚKA!

HRADSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÖT,  
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,  
BADVOGIR OG MARGT  
FLEIRA!

### RÝMINGARSÖLUVÖRUR Á 50-75% AFSLÆTTI

BÆTUM VIÐ VÖRUM OG HÆKKUM AFSLÁTTINN

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

# byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • [BYGGTOGBUID.IS](http://BYGGTOGBUID.IS)

Likaðu við okkur  
á Facebook:  
[www.facebook.com/  
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)



Karítas Diðriksdóttir, Marín Magnúsdóttir og Sigprúður Ármann eru þakklátar og hæstánægðar með viðtökurnar sem hvatningarátakið hefur fengið.

Þórarinn  
Þórarinsson  
thorarinn@frettabladid.is



## Þakklæti á bláum veggjum

Hvatningarátakið hefur vakið mikla athygli og yljáð landsmönnum á jákvæðan hátt. Við erum afar þakklátar öllum þeim sem hafa tekið þátt í hvatningarátakinu og sent bréf til annarra eða tekið myndir við takk vegg,“ segja talskonur verkefnisins, þær Karítas Diðriksdóttir Marín Magnúsdóttir og Sigprúður Ármann.

„Það er bæði gefandi að senda öðrum hrós og fá hrós og við viljum þakka sveitarfélögum, samstarfsaðilum, styrktaraðilum og öllum sem hafa tekið þátt, kærlega fyrir að gera þetta verkefni að veruleika.“

Karítas segir þær stóllur hæstánægðar með hvernig átakið hefur gengið, ekki síst þar sem þær höfðu nauman tíma til þess að setja það í gang. „Við unnum þetta hratt og með mjög stuttum fyrirvara, bara vegna þess að við vorum ekkert vissar um að við myndum ná að gera þetta, og hentum þessu bara upp á þremur, fjórum vikum,“ segir Karítas og bætir við að þótt segja megji að átakanu sé að ljúka formlega, muni það væntanlega lifa eitt hvad áfram.

Bláir veggir standa þeim til boða víða um land sem vilja gefa hrós í tengslum við átakið Til fyrirmyndar sem tileinkað er Vigdísí Finnbogadóttur sem varð forseti Íslands fyrir nákvæmlega 40 árum í dag.

### Bláir veggir rísa

„Hvatningarátakið sem slíkt er svona um það bil að klárast formlega, en þar sem þetta gerðist svo hratt hafa sveitarfélög haldið áfram að bæstast í hópinn og einhver voru bara að setja upp vegg í síðustu viku. Þau eru ekkert að fara að mála yfir þá strax þannig að þetta mun

lifa svolítið áfram með þeim. Út sumarið,“ segir Karítas og bendir á að hægt sé að bregða á leik við veggina um verslunarmannahelgina sem verður óvenju viðburðasnaud þetta árið.

„Núna er bara allt önnur staða en var bara fyrir nokkrum dögum en við getum öll verið dugleg að fara



VIÐ GETUM ÖLL VERIÐ  
DUGLEG AÐ FARA ÚT OG  
Í GÖNGUTÚRA, HREYFA

OKKUR OG VERA MEÐ  
FJÖLSKYLDUM OKKAR.

út og í göngutúra, hreyfa okkur og vera með fjölskyldum okkar og þá er kannski gott tilefni til að fara og kíkja á veggina og taka mynd með fjölskyldunni. Þurfa ekkert allir að vera á sama tíma á sama stað og það má aðeins taka sér tíma til að vera þakklát fyrir það sem við höfum,“ segir Karítas.

„Það eru engin hátíðarhöld í gangi þannig að umhverfið er svolítið breytt en það eru 25 veggir á víð og dreif um landið,“ segir Karítas um veggina sem eru á Akranesi, Akureyri, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Flateyri, Garðabæ, Grundarfirði, Hafnarfirði, Höfn í Hornafirði, Hólmavík, Hveragerði, Ísafirði, Mosfellsbæ, Ólafsvík, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Suður-



### Til fyrirmyndar

Hvatningarátakið Takk fyrir að vera til fyrirmyndar, er tileinkað Vigdísí Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni. Hugmyndin að baki átakanu er að hvetja fólk til þess að senda handskrifaða eða rafræna kveðju til fjölskyldu, vina, vinnustaða, félagasamtaka eða annarra, sem bréfritarar vilja þakka fyrir að vera til fyrirmyndar.

Átakið hófst á þjóðhátíðardaginn 17. júní og nær ákveðnum hápunkti í dag, þann 1. ágúst, þegar 40 ár eru liðin síðan Vigdís Finnbogadóttir tók við embætti forseta Íslands og varð fyrsta konan sem var kosin þjóðarleiðtogi í lýðræðislegum kosningum.

Átakanu var fylgt úr hlaði með þessum orðum: „Fyrir 40 árum, þann 29. júní 1980, stígum við Íslendingar framfaraskref á heimsmælikvarða og vorum til fyrirmyndar með því að vera fyrst þjóða til að kjósa konu sem forseta í lýðræðislegum kosningum, frá Vigdísí Finnbogadóttur.“

A þessum tímamótum er verðugt að staldra við, huga að því sem vel er gert og þakka þeim sem hafa verið til fyrirmyndar á einn eða annan hátt.“

Sendibréfin hefur verið hægt að nálgast víða um land auk þess sem rafræn eintök af bréfinu á fjölmörgum tungumálum má nálgast á heimasíðunni [www.tilfyrirmyndar.is](http://www.tilfyrirmyndar.is).

Þá hefur svokölluðum „Takk veggjum“ fjölgað jafnt og þétt víða um land. Þeir eru nú 25 talsins og munu væntanlega standa víða út sumarið en hugmyndin með þeim er fyrst og fremst að fólk stilli sér upp við þá og taki myndir af sér og sínum til þess að deila á samfélagsmiðlum merktum @tilfyrirmyndar og #tilfyrirmyndar.

eyri, Suðurnesjabæ, Vestmannaeyjum, Þingeyri og Þorlákshöfn.

„Þeir eru bara út um allt og dreifast mjög víða þannig að það er allur allur að vera með vegg í nágrenninu og upplagt að gera eitthvað saman með því að fara og kíkja á þá.“

### Þúsundir bréfa

„Þetta er búið að ganga mjög vel og við erum mjög ánægðar með þetta,“ segir Karítas um átakið almennt. Fólk er búið að vera að birta myndir af sér við veggina og það er búið að senda mörg þúsund bréffritt, en Pósturinn gaffría póstsendingu. Það er auðvitað mjög skemmtilegt hvað fólk er búið að vera duglegt að senda og auðvitað þykir okkur vænt um það.

Fólk sendir líka bréf og er ekkert endilega að kvitta. Einhverjir skrifa nafnið sitt en ekkert allir og það er líka það sem er svo fallegt við þetta. Að fólk geri þetta bara af því að þig langar að þakka fyrir og hrósa einhverjum.“

# Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!



## Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudynd með ákominni láréttri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.** Húsin eru fljótrest þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrr.



### Sól sumarhús 66-111m<sup>2</sup>

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins  
**117.300 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk



### Smart einbýlishús 73-87m<sup>2</sup>

Smart einbýlishús með láréttri álbáru koma bæði fullsamsett og innréttuð frá verksmiðju. Húsin eru framleidd í tveimur stærðum, 73m<sup>2</sup> og 87,5m<sup>2</sup> og koma með verönd og heitum potti. Smart einbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi, og ekki síst þörfum kaupenda. Þau eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verktaka og leigufélög

Verð aðeins  
**378.000 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk



### Klassik einbýlishús 100-400m<sup>2</sup>

Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudynd er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verkmiðju á byggingastað sem við lánnum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins  
**135.800 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk



### Funk einbýlishús 100-400m<sup>2</sup>

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metrar, einbýlishús við verksmiðjudynd er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins  
**154.600 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk

Gluggar og hurðaprófilar koma frá hinu þekktu þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.


Sökkjar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

**Ný lög varðandi virðisaukaskatt**, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.

HANNAÐ OG BYGGT  
FYRIR ÍSLENSKAR  
AÐSTÆÐUR



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.  
www.huseining.is sala@huseining.is

# 20-50%

## AFSLÁTTUR



**MALMÖ**  
Hornsófi úr  
Malmö línunni 2H2.  
Stærð:  
249 x 249 x 66 cm  
**112.194 kr.**  
~~186.990 kr.~~

**MALMÖ**  
Stóll úr Malmö  
línunni. Stærð:  
102 x 88 x 66 cm  
**26.394 kr.**  
~~43.990 kr.~~

IDesign

# SELJUM SÍÐUSTU EINTÖKIN AF SUMARHÚSGÖGNUM Á LÆKKUÐU VERÐI **MIKIÐ ÚRVAL** KÍKTU VIÐ OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Reykjavík 11 - 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 - 17 laugardaga  
13 - 17 sunnudaga

Akureyri 11 - 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 - 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1


www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 15. ágúst eða á meðan birgðir endast



**Verti**  
COPENHAGEN

Veggvasar 15x15cm  
4.990 kr. stk.



**iittala**

Virva lampi  
54.490 kr.



**iittala**

Kastehelmi krukur  
3.790/4.690 kr.



*Bitz*

Vasi 4.590 kr.  
Flaska 2.890 kr.



Púðar  
6.490/6.990 kr.

**EIGHT MOOD**  
SWEDEN



**b**  
BROSTE  
COPENHAGEN



**b**  
BROSTE  
COPENHAGEN



*Bitz*



**CRAY**

Borðstofustóll. Fjórir litir í sléttflaueili, svart, álgrátt, brons og bleikt. Svartir fætur.

32.990 kr.

Pú finnur bæklinginn  
husgagnahollin.is

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

Reykjavík | Akureyri | Ísafirði  
Bíldahlóti 20 | Dalabraut 1 | Skuldi 1

**HÚSGAGNA HÖLLIN**



Guðmundur Ingi Þóroddsson er frelsinu feginn eftir að hafa afplánað meira eða minna frá aldamótum og ætlar hamingjusamur að halda baráttunni með Afstöðu áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þórarinn  
Þórarinnsson  
thorarinn@frettabladid.is



# Draumur frjálsa fangans

**Guðmundur Ingi Þóroddsson**, formaður Afstöðu, losnar úr ökklabandi í dag og verður þar með frjáls maður eftir að hafa frá aldamótum verið sextán ár í fangelsi. Hann íhugar þingframboð ef löggjafinn fer ekki bráðum að taka hressilega við sér í fangelsismálum.

Þetta eru sextán ár sem ég er búinn að vera í fangelsiskerfinu og í raun og veru er ég búinn að fá 24 ára fangelsisdóm fyrir ofbeldislausu glæpi frá aldamótum,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, sem losnar úr ökklabandi í dag og tekur sín fyrstu skref sem frjáls maður, eftir að hafa eytt drjúgum hluta síðustu tuttugu ára í fangelsi.

Guðmundur Ingi var stórtækur í fíkniefnasmygli til og frá landinu en er í seinni tíð þekktastur sem formaður Afstöðu, félags fanga, sem hann hefur sinnt um árabíl af eftirtektafverðri einurð og festu.

„Ég held að það sé vöðalega lítið að fara að breytast hjá mér þannig lagað. Ég er náttúrulega giftur þannig að ég er alveg undir jafn miklu eftirliti,“ hlær frjáls maðurinn sem þakkar þrepaskiptri afplánum að lífið haldi bara áfram, ef svo má að orði komast.

„Ég er náttúrulega í raun og veru búinn að vera að vinna utan fangelsis í þrjú og hálf ár í þessari þrepaskiptingu sem fangelsisafplánum er í dag,“ segir Guðmundur, sem er búinn að vera í ökklabandi í eitt ár eftir að hafa verið sextán mánuði á áfangaheimilinu Vernd.

„Þetta er auðvitað ofboðslega flott þrepaskipting. Þetta hefur náttúrulega breyst á síðustu árum og er mjög gott þótt það vanti enn hinn helminginn af kerfinu. Það er að segja að fangavistin hafi innihald og menn fari í endurhæfingu á



**Í RAUN OG VERU ER ÉG  
BÚINN AÐ FÁ 24 ÁRA FANG-  
ELSIDÓM FYRIR OFBELD-  
ISLAUSA GLÆPI FRÁ  
ALDAMÓTUM.**

meðan þeir eru í afplánum. Þetta er ekki að virka af því að við erum ekki með heildarkerfi í raun og veru,“ segir Guðmundur Ingi, sem stofnaði Afstöðu ásamt fleirum 2005.

#### Óbreytt afstaða

„Ég er mjög hamingjusamur í dag. Ég er giftur og ég ætla að halda áfram í Afstöðu. Við erum með fullt af verkefnum og ég vil sjá ákveðna drauma sem við erum með rætast,“ segir Guðmundur Ingi sem ætlar að halda réttindabaráttu fanga áfram sem frjáls maður.

„Þetta er það sem ég vil gera og starfa við. Ég þarf reyndar að finna mér eitthvað hobbí og einbeita mér að því að slaka á,“ segir Guðmundur Ingi sem er og hefur verið vakinn og sofinn á fangavaktinni.

#### Draumur fangans

Hann segist þó aðspurður reyna að hlifa eiginmanni sínum við áreitinu og þótt málefni fanga brenni á honum komist fleira að í huga hans. „Ég tala aldrei um þetta heima vegna þess að hann er í raun og veru ekkert alveg sammála mér í





## EN HJÁ MÉR VAR ÞAÐ EIN- HVERN VEGINN ALDREI VESEN AÐ VERA SAMKYN- HNEIGÐUR Í FANGELSI.

Þessum málum.

Hann er náttúrlega frá Rúmeníu og þar eru öðruvísi viðhorf og hann er kannski meira sammála mörgum sem hafa verið að gagnrýna að fangelsin eru kannski meira eins og hótél. En það er náttúrlega fólk sem gerir sér kannski ekki alveg grein fyrir því hvernig er að vera í fangelsi," segir Guðmundur

„Ég ætlaði að fara til Rúmeníu núna um miðjan ágúst. Að hitta tengdforeldrana og fjölskylduna. Ég var á leiðinni þangað þegar ég var handtekinn, þannig að ég hef aldrei

þessum efnum séu Íslendingar langt á eftir til dæmis Norðmönnum og Dönnum.

„Það er svo margt í boði sem hægt er að gera, en vandamálið er að stjórnmalamennirnir hugsa bara alltaf fjögur ár fram í tímann. Það er ekkert tuttugu ára plan til eins og í Noregi eða Danmörku og við höfum engan rétt á því að bera okkur saman við þessi lönd. Við erum bara ekkert þar. Fólk sér þetta kannski ekki en ég veit það vegna þess að ég hef verið þar.“

### Eitruð menning

Guðmundur Ingi segir andrúmsloftið innan fangelsisveggja eðli málsins samkvæmt þrungið spennu. „Það er álag að vera í fangelsi. Allan tímann sem þú ert inni. Það er hávaði. Það eru slagsmál. Það eru læti. Fólk grætur. Jafnvel á nóttunni.

Það er súr húmor þarna sem getur hreinlega verið skadlegur andlegri heilsu. Sérstaklega til lengdar og oft... Ég veit ekki hvað ég á að fara djúpt í það," segir Guðmundur og stynur eftir nokkurt hik.

„En kynferðisleg áreitni er daglegur hlutur þarna. Þetta er í raun og veru menning sem þarf að snúa við í fangelsunum. Vegna þess að ef þú ert alinn upp á Litla Hrauni í svona menningu þá vitum við alveg hvað er að fara að gerast þegar þú kemur út. Og það á enginn að þurfa að sitja undir því að vera í fangelsi og vera stöðugt hræddur.“

*Hvernig er að vera samkynhneigður í svona súrri menningu sem ætla má að sé þrungin eitruðri karlmennsku?*

„Það var allt í lagi og aldrei vesen. Allavegana ekki fyrir mig. Auðvitað er fangelsi þannig að þú mátt ekki sýna tilfinningar. Þú mátt ekki... Þú veist. Allir að æfa, lyfta og allt svoléiðis.

Ég tók alveg sjálfur þátt á sinum tíma. Skaut á fólk með sama súra húmorinn og var að lyfta, verða sterkur og allt svoléiðis. Og sýndi ekki tilfinningar og allt það. En hjá mér var það einhvern veginn aldrei vesen að vera samkynhneigður í fangelsi.

Ég efast líka um að ég hafi verið fyrsti samkynhneigði maðurinn í fangelsi, en það var ekkert algengt að menn viðurkenndu það að vera samkynhneigðir í fangelsi. Þannig að þetta var svolítið nýtt fyrir fanga-vörðunum á þeim tíma sem ég var þarna fyrst. Ég hef síðan alveg séð fleiri koma inn og fangaverðir hafa tekið svo vel á þeim málum en auðvitað fer það bara eftir hverjum og einum og menn geta alveg lent mjög auðveldlega í einelti í fangelsi hvort sem þeir eru samkynhneigðir eða ekki.“

### Ungur og vitlaus

Guðmundur segist aldrei hafa hitt neinn í fangelsunum sem vilji ekki breytast og snúa lífi sínu við, en stuðninginn vanti sárlega. „Margir sem eru þarna inni hafa í raun og veru aldrei haft neitt annað val. Þeir alast upp eða eru fæddir inn í neyslu, barsmiðar, upptökuheimili og alls konar hluti. Það hefur verið farið illa með marga og sumir eru ólæsir.

Þetta er allt fólk sem þarf bara smá aðstoð og það er ekki verið að veita neina aðstoð í fangelsunum. Fangelsismálastofnun er fjársvelt og það bitnar í raun og veru bara á fongunum sjálfum, sem síðan bitnar á samfélaginu.

*En þú sjálfur. Hvernig leiddist þú út á þessa braut?*

„Ég held að þetta hafi bæði verið djamm og að maður hafi verið að gangast upp í einhverri ímynd. Ég náttúrlega flutti á sínum tíma til Spánar og það má segja að neyslan hafi byrjað þar. Ég var þar með bar og hann fór náttúrlega illa út af rugli. Þannig að þetta byrjar í raun og veru þar og þeir sem eru í neyslu þurfa að viðhalda lífsstíl sínum og neyslu," segir Guðmundur og bætir við að í hans tilfelli hafi ekki bætt úr skák að hann fari alltaf alla leið. Og ef til vill aðeins lengra.

„Maður gerði hluti sem maður



## ÞANNIG AÐ ÉG GET SAGT

### ÞAÐ AÐ EF ÞESSIR RÁÐ-

### HERRAR KOMA EKKI OG

### VIÐ GERUM EITTHVAÐ,

### ÞÁ ÆTLA ÉG AÐ BJÓÐA

### MIG FRAM.

myndi aldrei gera í dag og maður hugsar bara öðruvísi, og ég get alveg viðurkennt það að mér fannst bara ekkert að því að gera þetta og í raun veru sá ég bara eftir því að ég var tekinn. Við erum líka að sjá unga stráka sem eru að koma núna og finnst þetta bara fint. Það er ferlega sorglegt að horfa upp á það.“

### Annað tækifæri

Guðmundur Ingi segir margt hafa breyst til hins betra síðan fyrsti langi dómurinn var felldur yfir honum og honum var fyrst stungið inn. „Það var bara allt grátt. Ekkert nám af viti. Engin sálfræðiaðstoð og engar meðferðir í gangi. Það var ekkert. Ég var náttúrlega ungur, 25 ára og það kom enginn til mín og spurði hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór. Eða bauðst til að hjálpa mér að verða trésmiður, bakari eða hvað sem er.

Ég veit heldur ekkert hvernig ég hefði tekið því þá, vegna þess að mér fannst ég vera með allt á hreinu og eiga nóg af pening og ætlaði bara að fara út og halda áfram. Það var bara mitt viðhorf. Mér fannst þetta bara í lagi.

Maður var bara fastur einhvern veginn í þessu og búinn að vera í neyslu í nokkur ár og maður vildi ekkert endilega breyta. En auðvitað var þetta erfitt tímabil og ég hefði viljað að maður hefði valið aðra leið inni í fangelsinu á þeim tíma, en það var ekkert í boði.“

Guðmundur Ingi breytti um stefnu á seinni hluta fangelsisvistarinnar og einbeitti sér að námi, með það markmið að ljúka tveimur háskólagráðum, í spænsku og lögfræði. „Ég lærði ekkert í fyrsta skiptið," segir Guðmundur sem fékk góðar móttökur og skilning hjá Verzlunarskóla Íslands. „Ég fékk ótrúlega flotta hjálp í Verzló og kláraði hann á tveimur árum. Ég náði samt aldrei markmiðum mínum sem voru að taka BA í spænsku og BA í lögfræði, til þess að ég ætti meiri möguleika í lífinu þegar ég kæmi út.

Ég sá þarna að ég varð að læra eins mikið og ég gat, en það voru miklar hindranir á veginum, en auðvitað hefði verið betra fyrir samfélagið ef ég hefði náð því og mig, fjölskylduna og alla," segir Guðmundur Ingi sem er með BA-próf í spænsku en náði ekki að klára lögfræðina.

### Glæpamaður á þing

Guðmundur Ingi segir breytt viðhorf og nýja nálgun algert grundvallaratriði. „Með því að breyta þessum málaflokki og taka upp raunverulega endurhæfingastefnu getum við skilað betri mönnum út í samfélagið aftur og lækkað kostnað hjá lögreglu, dómstólum, fangelsiskerfinu, heilbrigðiskerfinu og almannatryggingakerfinu," segir Guðmundur og nefnir einnig lækkaða glæpatíðni og færri endurkomur í fangelsin. „Og kannski það sem skiptir mestu máli er að við fækkum brotaþolum. Það hlýtur að skipta mestu máli. Það er að segja, við getum kannski ekki komið í veg fyrir fyrsta brot en við getum svo sannarlega komið í veg fyrir annað, þriðja og fjórða. Og ef fólk áttar sig ekki á þessu þá erum við í slæmum

málum, en við höfum svo sem verið það.“

*Þú ert svolítið farinn að hljóma eins og stjórnmálamaður.*

„Við höfum fengið alls konar loforð frá stjórnmálamönnum og auðvitað er draumur okkar að Asmundur Einar, vinur minn, félagsmálaráðherra, Áslaug dómsmálaráðherra, Svandís heilbrigðisráðherra og Lilja menntamálaráðherra komi til okkar, eins og þau hafa komið í önnur tiskudæmi sem henta þeim, og við vinnum þetta saman.

Þetta er bara svo miklu meira virði og þau verða að átta sig á því og ég trúi að þau muni gera það. En ef þau gera það ekki, þá er það bara framboð. Ég yrði langt í frá mesti glæpamaðurinn sem hefur sest á þing," segir Guðmundur, hlær og segist í raun ekki hafa haft neinn sérstakan, pólitískan metnað.

„Kannski af því að maður hefur ekki viljað að allur skíturinn frá því í gamla daga komi upp, en ég bara sé ekki að það sé nokkuð að fara að gerast í þessum málum. Þannig að ég get sagt það að ef þessir ráðherrar koma ekki og við gerum eitthvað, þá ætla ég að bjóða mig fram.

Ég yrði alveg óhræddur við það og myndi taka á þessum málum. Maður hefur orðið svo gifurlega reynslu af þessum málum. Ég hef átt mjög góð samskipti við fullt af ráðherrum, þingmönnum og embættismönnum.

Þannig að ég þekki stjórnsýsluna mjög vel og veit hvernig hlutirnir virka og þótt ég verði alltaf mjög bjartsýnn eftir hvern fund, þá veit ég samt alltaf innst inni að það er ekkert að fara að gerast. Þrátt fyrir að þau segi það beint við mann. Þannig að þetta er staðan," segir Guðmundur Ingi og íhugar sem frjáls maður bein, pólitískt afskipti af málaflokknum sem á hug hans allan.

„Ég tel mig vera góðan valkost fyrir stjórnmalaflokk sem vill vinna með mér og mun að sjálfsögðu starfa með þeim flokki sem ég tel að ég muni hafa mest áhrif á velferð og fangelsismál. Ég þarf náttúrlega bara að meta það hvaða flokkur yrði helst fyrir valinu og hugsa þetta út frá velferðar- og fangelsismálum.“

### Pólitísk vonbrigði

Örlög frumvarps Pirata um afglæpavæðingu neysluskammta voru Guðmundi Inga mikil vonbrigði. „Þetta er brýnt vegna þess að fólk er bara að deyja í hverri viku út af þessu. Skjólstaðingar okkar eru stór hluti þessa fólks og aðeins úr þeim hópi var á tímabili einn að deyja á viku og þeir eru ennþá að deyja.

Það er svo erfitt að horfa upp á þetta vegna þess að þetta er fólk sem ég er búinn að vera samferða lengi og sjá koma inn og út úr fangelsunum. Bara vegna þess að það eru ekki til nógu öflugar meðferðir fyrir þennan hóp og ég held að nokkurn veginn allir séu sammála um að það þurfi að breyta þessu.

Ég hef talað við marga þingmenn um þetta og ég varð fyrir miklum vonbrigðum með að þetta var ekki samþykkt. Ég get hins vegar verið alveg sammála um að þetta var ekki gallalaust, en ég held það hefði verið minnsta mál að lagfæra það á mjög skömmum tíma.

Reyndar er það þannig að það eru líka bara litadír af ákveðnum svona fordómum og kunnáttuleysi og trú á því virkilega að það sé hættulegt að gera þetta," segir Guðmundur Ingi.

„Og ég get ekki gert lítið úr því en það er vegna þess að þau eru bara af gamla skólanum og hafa ekki aflað sér nógu góðrar þekkingar á þessum málum. Þau vilja í raun ekkert breyta og hlusta. Það er bara þannig.

En það er heldur ekki hægt að ætlast til þess að þingmenn viti allt, en þegar þeir eru búnir að vera í miklum samskiptum við hagsmunaaðila og fara yfir málin og sjá það sjálf að þetta er það besta sem hægt er að gera, þá er mjög sorglegt að sjá þá síðan kjósa öðruvísi.“

# Eru álfar kannski hálfir menn?

Skjaldborgarhátíðinni var aflýst á elleftu stundu og þar með frumsýningu heimildamyndarinnar Hálfur álfur eftir Jón Bjarka Magnússon. Hann býtur óbugaður í skjaldarrendur og bíður færís og þess að kórónafárinu sloti.

Þórarinn  
Þórarinnsson  
thorarinn@frettabladid.is



Þetta eru auðvitað bara sturlaðir tímar og ekkert við þessu að gera annað en að bita í skjaldarrendur og blása til sóknar á nýjum vígstöðvum," segir Jón Bjarki Magnússon, leikstjóri heimildamyndarinnar Hálfur álfur, sem fjallar um Trausta Breiðfjörð Magnússon sem var lengi vitavörður á Sauðanesi við Siglufjörð.

Eiginkona Trausta, Hulda Líneik Jónsdóttir, kemur einnig við sögu en Jón Bjarki er barnabarn þeirra og myndin hverfist ekki sist um leit afa hans að hinu yfirnáttúrulega í sjálfum sér, álfinum hið innra, á meðan hann undirbýr eigin jarðarför 99 ára gamall.

Jón Bjarki er þekktari sem blaðamaður og ljóðskáld en kvikmyndagerðarmaður, en hann hefur undanfarið búið í Berlín og Hálfur álfur er lokaverkefnið í námi hans þar.

Þegar landið opnaðist fyrir flugumferð á ný dreif hann sig heim til Íslands, ekki sist til þess að frumsýna myndina á Skjaldborgarkvikmyndahátíðinni á Patreksfirði um verzlunarmannahelgina.

Þau áform urðu hins vegar að engu og kórónaveirunni að bráð á fimmtudaginn, þegar ráðherrar kynntu hertar samkomuhömlur vegna bakslagsins í baráttunni við COVID-19.

„Ég hugsa með miklu þakklæti til þeirra sem hafa staðið í ströngu við skipulagningu hátíðarinnar og gerðu hvað þau gátu til að láta hana verða að veruleika í miðjum heimsfaraldri. Álfurinn hálfur verður bara að biða betra færís til sýninga síðar meir," segir Jón Bjarki.

## Álfurinn bíður

Í ljósi tilmæla ríkisstjórnar og almannaþinganna töldu aðstandendur hátíðarinnar ekki forsvaranlegt, frekar en fjölmargir aðrir í svipaðri stöðu, að halda hátíðina um helgina og tóku „þungbæra“ ákvörðun um að aflýsa hátíðinni.

Jón Bjarki þóttist hafa himin höndum tekið þegar Hálfur álfur var valinn á Skjaldborg. „Vegna þess að í öllu samhengi hlutanna núna þá eru það bara alger forréttindi að fá að sýna mynd í bíósal eins og er," segir hann og bendir á að vegna faraldursins séu flestar hátíðir haldnar á vefnum. „Þannig að maður var rosalega glaður að vera að fara þangað. En svona er þetta," segir Jón Bjarki, æðruleysið uppmálað.


Skjaldborg er önnur hátíðin sem blásin er af, en upphaflega stóð til að heimsfrumsýna myndina í maí á Ethnocineca, alþjóðlegu heimildamyndahátíðinni í Vín, þar sem hún var tilnefnd til verðlauna. „En henni var líka aflýst þannig að álfurinn bíður bara áfram færís," segir Jón Bjarki, sem enn stefnir ótraudur á að frumsýna myndina í kvikmyndahúsi.

## Óvænt stefna

Jón Bjarki lagði ekki upp með það að gera heimildamynd um álfa, en þeir skutu óvænt upp kollinum og eftir því sem á leið gerðust þeir frekari til fjörsins og vöktu eftir vill fleiri spurningar en þeir svörðu.

„Þegar ég byrjaði á þessu verkefni þá lagði ég ekkert upp með að þar myndu álfar koma eitthvað sterkt inn, en það er eiginlega bara eitt-hvað sem gerðist í ferlinu.

Ég ákveð sem sagt að gera þessa heimildamynd og fylgja afa minum



Jón Bjarki horfði í gegnum linsuna á afa sinn undirbúa aldarafmæli sitt og eigin útför, þar sem álfar virðast hafa verið með í ráðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Afinn, sem vildi undir það síðasta heita Álfur, var fluglæs á steina.



Ömmu fannst nóg um stússið og blandaði bókvitinu í málið.

og ömmu eftir, í lokaverkefni mínu í þessu námi í Berlín," segir Jón Bjarki, sem fann í ferlinu ýmislegt sem hann var ekki endilega að leita að og djúpar spurningar um jafnvel innstu rök og kjarna tilverunnar vöknudu, á mörkum tveggja heima.

„Þetta er kannski ákveðið kaos," heldur Jón Bjarki áfram og áréttar að hann tali ekki af mikilli reynslu af kvikmyndagerð. „Þegar maður byrjar á svona mynd er maður allavegana með óljósa hugmynd um hvað getur orðið. En svo einhver veginn fer maður bara inn í hringið-una og verður líka í rauninni, hvað skal segja, að leyfa atburðarásinni og því sem gerist svoltið að taka yfir."

## Vildi kveðja sem álfur

„Á þessu tímabili er afa að undirbúa 100 ára afmælið en hann er

líka að undirbúa eigin jarðarför og er búinn að kaupa kistuna," heldur Jón Bjarki áfram. „Það koma upp smá erjur milli þeirra gömlu út af þessu. Svona nettur skemmtilegar deilur þeirra í milli. Ömmu finnst náttúrulega alger della að þurfa að stýra öllu út yfir gröf og dauða og allt það.

Annað sem kemur upp í þessu ferli og afa langar að gera áður en hann kveður er að breyta nafninu sínu í Álfur og síðan þegar liður á í veikindum hans og sérstaklega undir lokin er hann að dreyma álfa.

Álfar eru að koma til hans í draumum og svo stundum þegar ég var að tala við hann, var óljóst hvort hann væri bara kannski að sjá þá. Það var næstum því eins og hann upplifði að þeir væru þarna með honum í spítalaherberginu.

Þannig að þetta var svona, hvað



## HÖFUM VIÐ KANNSKI

### VERIÐ AÐ LEITA LANGT

### YFIR SKAMMT? ERU ÁLFAR

### KANNSKI ÁKVEÐINN

### HLUTI AF OKKUR SJÁLF-

### UM? ERU ÞEIR EINHVER

### INNRI MAÐUR?

skal segja? Var svona leið til að fara í gegnum þetta ferli," segir Jón Bjarki hugsi. „Einhvern veginn hans leið til að kveðja. Svona einhvers konar myndhverfing út úr þessari veröld og aðeins inn í einhverja aðra."

## Eru álfar...

Jón Bjarki segir að titill myndarinnar, Hálfur álfur, hafi bara einhvern veginn komið til hans á þessum forsendum í miðju ferlinu. „Mér fannst þetta bara einhvern veginn passa algerlega," segir hann og hlær.

*Eru álfar þá kannski hálfir menn?*

„Ja, það er sko nefnilega einmitt það sem mér fannst líka svoltið skemmtilegt í þessu. Er Álfur kannski... þú veist..." segir kvikmyndagerðarmaðurinn hugsi. „Höfum við kannski verið að leita langt yfir skammt? Er Álfur kannski ákveðinn hluti af okkur sjálfum? Er Álfur einhver innri maður? Kannski barnið í okkur?"

Afi elst upp norður á Ströndum og þar voru álfar allt í kring. Amma hans, Vilborg á Felli, sagði honum allt um álfana og það voru álfaborgir í steinum í kring og það er líka kannski hægt að líta þannig á, að þarna sé verið að nálgast æskuna

aftur. Nálgast álfinn í sjálfum sér. Barnið. Og svo framvegis."

## Náð andstæðupar

*En hvað fannst ömmu og afa um þetta kvikmyndabrölt í barnabarninu?*

„Þau voru svoltið hissa fyrst og afa var mjög upp með sér. Hann var náttúrulega alltaf mikill performer þannig að hann lagði í rauninni allt í sölnar. Amma var feimnari við vélna fyrst," segir Jón Bjarki og bætir við að Hulda hafi fundið sína leið inn í myndina í gegnum ljóðlistina.

„Hún er þarna svoltið fulltrúi bókanna og lestursins en afa meira steinanna. Hann var alltaf mikill steinaáhugamaður, safnaði steinum og las kannski meira í steina heldur en bækur og það eru smá andstæður þarna á milli.

En þeim fannst þetta bara skemmtilegt þegar á leið og voru í rauninni bara mjög spennit yfir þessu," segir Jón Bjarki sem náði að sýna ömmu og afa grófkliptu útgáfu myndarinnar. „Þau voru mjög glöð, en ná hvorugt að sjá lokaútgáfuna."

## Dýrmætt verkefni

Hálfur álfur er vitaskuld ákaflega persónuleg mynd og verk sem er höfundinum hjartfólgið. „Þegar ég var kominn með þessa hugmynd og er að fara byrja, þá er afa 99 og amma 96 og maður áttaði sig á því að ef ég gerði þetta ekki núna, þá yrði þetta bara einhver hugmynd sem ekkert yrði úr.

Þannig að þegar hugmyndin var komin þá var það einhvers konar neyð sem dró mann áfram og ég sá auðvitað ekki fyrir mér í byrjun hvernig þetta myndi vaxa, en þetta er bara alveg gríðarlega verðmætt og yndislegt, að eiga þennan tíma með þeim. Og ná í rauninni kannski að kveðja á þennan hátt. Það er eiginlega bara algjörlega ótrúlegt. Ég er gríðarlega þakklátur fyrir að hafa fylgt þessu eftir og átt þessar miklu og góðu stundir með þeim."

ALVÖRU JEPPI ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Jeep®

# GOÐSÖGN KNÚIN RAFORKU

## JEEP PLUG-IN-HYBRID FORSALA

Jeep heldur áfram að vera tákni frelsis og ævintýra. Nú kynnum við nýja plug-in-hybrid jeppa, sem við bjóðum á frábæru forsöluverði.

Hlaðnir búnaði með alvöru fjórhjóladrifi (lágu drifi), bakkmýndavél, rafdrifnum leðursætum (Compass), rafdrifnum afturhlera (Compass), lykillausu aðgengi og ræsingu, hita í stýri og framsætum, 8,4" skjá og leiðsögukerfi, blindhornsvörn og bílastæðaaðstoð.

Skoðaðu rekstrarhagkvæma tvinn-jeppa, rafmagns og bensín, á forsöluverði á [jeep.is](http://jeep.is)



**JEEP COMPASS LIMITED 4X4**

**5.999.000\***

PLUG-IN-HYBRID

4xe



**JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4X4**

**5.499.000\***

PLUG-IN-HYBRID

4xe

RAFMAGNAÐUR

UMBOÐSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

 **ISBAND**

\*Verð miðað við gengi USD 132, svartur Compass, hvítur Renegade, áætluð afhending í október 2020

Steingerður Sonja  
Þórisdóttir  
steingerdur@frettabladid.is



Éger að njóta sumarsins á Íslandi, ég elska þennan árstíma, sérstaklega löngu sumarnæturnar þar sem birtan er alveg mögnuð í miðnætursólinni. Á þessum tíma er hægt að ljósmynda lundana og hvalina sem koma hingað á sumrin í leit að æti," segir áhrifavaldurinn og ljósmyndarinn Ása Steinarsdóttir.

Ása var að leggja lokahönd á húsbíl sem hún var að byggja sjálf, því þrátt fyrir að heimsfaraldurinn aftri henni frá því að ferðast erlendis, er engu síðra að ferðast hérna á Íslandi.

„Planið er að setja íbúðina í leigu og búa í honum næstu mánuði. Ég er einnig að leiða nokkrar hringferðir í kringum landið í ágúst og á von á ferðamönnum víðs vegar að frá Evrópu," segir hún.

#### Árið hófst á annriki

Ása hefur vakið mikla athygli út fyrir landsteinana fyrir einstakar ljósmyndir sem hún hefur tekið á ferðalögum sínum. Ásu dreyndi alltaf um að mynda fyrir National Geographic, en hún ákvað á sínum tíma að láta drauminn rætast, ferðast um heiminn og mynda hann í leiðinni. Í dag er hún með rúmlega 200.000 fylgjendur á Instagram.

„Árið 2020 var mjög annrikt hjá mér í byrjun árs. Ég er búin að vera að mynda í Japan, á Filippseyjum og Grænlandi. Það voru mörg verkefni fram undan og ég var á leið til Austurríkis á svipuðum tíma og Ísland greindi það sem hááhættusvæði. Þar átti ég að fara að ljósmynda skíðaviðburð og ferðalagið átti að halda áfram til Zermatt í Sviss að ljósmynda og vinna fyrir ferðamálastofnun þar í landi," segir hún.

En nú er staðan breytt og lifið töluvert rólegra að sögn Ásu.

„Ég er búin að vera að leggja lokahönd á húsbílinn okkar. Auk þess fékk ég afar rómantískt bönorð í Filippseyjum, sem ég svaraði játandi. Ég og unnustinn erum þess vegna að undirbúa brúðkaup næsta sumar. En það fer auðvitað allt eftir því hvernig ástandið verður í heiminum," segir Ása.

#### Nokkur viðbrigði

En hvernig hafa þessir fordæmalausu tímar haft áhrif á manneskju sem hefur gert það að sinni atvinnu að ferðast?

„Í þessu öllu saman þá er ég afar þakklát fyrir að geta kallað Ísland heimili mitt. Mér finnst við vera að taka einstaklega vel á þessum málum. Ég reyni að gera það besta í stöðunni og held áfram að sinna minni ástríðu og einbeiti mér að því að ljósmynda og ferðast um Ísland og deila upplifuninni með öðrum," segir hún.

Hún viðurkennir þó að heimsfaraldurinn hafi haft mikil áhrif á líf hennar og starf.

„Áður fyrr var ég á stanslausu flakki erlendis. Enda koma flest mín verkefni erlendis frá. Hins vegar hefur ástandið núna þvingað mig til að róa líf mitt. Þannig að ég er virkilega búin að njóta þess að ferðast minna og vera meira á Íslandi. Auk þess hef ég fengið skemmtileg tækifæri til að vinna með íslenskum fyrirtækjum, sem leggst vel í mig, þar sem ég elska að mynda hér heima, skoða fallegu náttúruna. Það hefur einnig kennt mér að maður þarf ekki að ferðast langt til að upplifa skemmtilega hluti," segir hún.

Um leið og samkomubannið skall á leigði Ása sér bústað á Tröllaskaga og nýtti svo vorið og snjóinn á fjallaskiðum.

„Mér fannst mjög mikilvægt á þessum tíma að stunda útivist, vera dugleg að hreyfa mig og bæta við nýjum áhugamálum og hæfileikum. En á fjallaskiðum, þá eru sett skinn undir skíðin, gengið upp og síðan skíðað niður. Það er fátt sem jafnast á við góðan dag á fjöllum og að skíða niður ósnortnar brekkur í náttúruferðunni. Ísland



Ása er einn af vinsælustu áhrifavöldum landsins með rúmlega 200.000 fylgjendur. MYND/ÁSA STEINARSDÓTTIR

# Leyndardómar ríkis Vatnajökuls

Ljósmyndarinn og áhrifavaldurinn **Ása Steinarsdóttir** hefur nýtt fordæmalausa tíma til að ferðast um landið. Hún gerði góða ferð til hins víðfeðma ríkis Vatnajökuls og hefur gert ferðabætti um þennan einstaka stað, þar sem leynast fjölmargar náttúruperlur.

á vorin er algjör paradís fyrir fjallaskiðamenn og það var einstaklega flott færi á þessum tíma eftir snjóþungan vetur.“

#### Stórbrotin náttúra

Ása hefur nýtt tímann á landinu til að gera ferðabætti um ríki Vatnajökuls, en það nær frá Lómagnúpi til vesturs að Hvalnesi til austurs.

„Náttúran á þessu svæði er stórbrotin og fjölbreytt, sérstaklega návgið við alla skriðjökla. Jöklar eru bara ótrúlegir og það er ástæðan fyrir því að ég kem aftur og aftur á þetta svæði, þeir eru alltaf að breytast. Á sumrin eru fullt af skemmtilegum gönguleiðum og fallegur

gróður og á veturna verða jöklarnir himinbláir og íshellar myndast sem hægt er að skoða. Landslag sem myndast í kringum jöklana er líka svo áhugavert, þar sem sjá má hvernig þeir hafa rutt fram jarðvegi og mótað fjöllin í kring. Svæðið hefur því upp á að bjóða miklar andstæður í landslagi, sem gerir það enn meira spennandi og áhugavert," segir hún.

Hún segir margt í boði á svæðinu fyrir ferðalanga og fjölskyldufolk.

„Þú getur farið í ævintýralegar jöklagöngur og ísklifur, heimsótt Jökulsárlón og horft á ísjaka fljóta í lóninu eða farið í humarkvöldverð á Höfn. Auk þess er hægt að velja á

milli hótulgistingar, eða skella sér í útilegu á tjaldsvæðinu í Skaftafelli sem er ótrúlega fallegt svæði.“

#### Margar faldar perlur

Svæðið segir hún líka kjörið fyrir þá sem vilja í göngu.

„Það eru gönguleiðir á öllum erfiðleikastigum í kringum Skaftafelli, eins og Svartifoss sem er 40 mínútna falleg og auðveld ganga. Einnig eru bátsferðir í boði bæði á Fjallsárlóni og Jökulsárlóni. Svo er hægt að fara með traktor út í Ingólfshöfða, þar sem hægt er að sjá Vatnajökul úr fjarska, skoða höfðann og lunda sem búa í klettunum. Einnig er frábær skemmtun

að standa aftan í traktornum sem keyrir yfir svarta sanda og ár," segir hún.

Er einhver staður sem þú átt eftir að heimsækja á svæðinu, en er á óskalistanum?

„Mig hefur alltaf dreymt um að ganga á Hvannadalshnjúk, hæsta tind Íslands. Draumurinn er að gera það á fjallasíðum, ganga upp og skíða niður á fallegum vordegi. Ég get ímyndað mér að það sé mögnuð upplifun. Mig dreymir einnig um að fljúga yfir svæðið og sjá jökla að ofan, frá nýju sjónarhorni," segir Ása.

Ása segist hafa uppgötvað margar faldar perlur á ferð sinni um svæðið.

„Heitu pottarnir í Hoffelli og Hoffellslón innar í dalnum, eru tvær faldar perlur sem fáir virðast vita um. Auk þess finnst mér það að skella sér í jöklagöngu ákveðin „falin perla," því margir Íslendingar hafa einfaldlega ekki upplifað hvernig það er að ganga á jökul. En það finnst mér að við öll ættum að gera að minnsta kosti einu sinni á lífsleiðinni. Nýlega fór ég einnig á kajak út á Jökulsárlón sem var mögnuð upplifun, þar sem maður svífur á milli ísjakanna. Auk þess eru íshellarnir á veturna algjört náttúruundur," segir hún.

Hvað stóð upp úr við gerð þáttanna?

„Að horfa á sólsetur á Stokksnesi, ganga Falljökul og fá að síga ofan í jökulsprungu," segir Ása.

Hægt er að nálgast þættina á YouTube og visitvatnajökull.is.



Ásu hefur með dugnaði tekist að gera ljósmyndunina og ferðalögin að sínu lífibrauði.



Hún segir eitt það skemmtilegasta við gerð þáttanna hafa verið að siga niður í jökulsprungu.



Hún segir náttúruna á svæðinu vera margslungna og fjölbreytta.



Nýlega fór Ása í kajakferð um Jökulsárlón, sem hún segir hafa verið einstaka upplifun.



Ása segir svæðið bjóða upp á miklar andstæður í landslagi.



Margar faldar perlur eru á svæðinu, þeirra á meðal eru heitu pottarnir í Hoffelli og Hoffellslón.



Þessir fordæmalaus tímar voru viðbrigði fyrir Ásu sem er von miklu flakki, enda flest hennar verkefni erlendis.



Ása hefur nýtt árið til ferðalaga og gert þætti um ríki Vatnajökuls.

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1874** Ný stjórnarskrá fyrir Ísland gengur í gildi og sérstakt stjórnarráð fyrir Ísland er stofnað í Kaupmannahöfn.

**1897** Oddfellowreglan á Íslandi er stofnuð með áherslu á bræðralag og samhjálp.

**1904** Embætti amtmanna eru lögð niður á Íslandi.

**1981** Bandaríska sjónvarpsstöðin MTV byrjar útsendingar.

**1984** Fjölbrotaskólinn í Garðabæ er stofnaður.

**1994** Mikið eyðileggst af sögulegum skjölum þegar bókasafn Norwich brennur.

**1996** Menntaskólinn Hraðbraut er stofnaður.

**1998** Eitt dýrasta frímerki heims, Gul tre skilling banco frá 1855, er selt fyrir 14 milljón sænskar krónur.

**2016** Guðni Th. Jóhannesson tekur við embætti forseta Íslands, sama mánaðardag og allir fyrirrennarar hans.



Ásta Kent, Freyja Traustadóttir, Alice Kent, Dagný Bjarnadóttir, Sólrún Steinsdóttir, Daniel Kent og Trausti Jónsson í Vatnaskógi.

## Sælan breyttist í sorg

Sæludagar í Vatnaskógi hafa verið árvissir um verslunarmannahelgi, en sú hefð var rofin nú vegna COVID-19. Margir voru mættir með viðleguútbúnað og allt var til reiðu.

Það er viss sorg hjá unga fólkinu að þurfa að sleppa Sæludögum en aðstæðurnar eru óvenjulegar," segir Dagný Bjarnadóttir. Fjölskyldan var búin að tjalda í Vatnaskógi eins og margir fleiri þegar Sæludögum var aflýst eins og öðrum viðburðum helgarinnar.

„Það var búið að versla, pakka niður og reisa tjaldbúðir,“ lýsir Dagný og segir svæðið hafa verið opnað á miðvikudeginum. „Við vorum með tvö tjöld, tvi-burasysturnar voru með nýtt tjald og settu það auðvitað upp sjálfar. Samkoman byrjar alltaf á fimmtudegi klukkan 19 og stelpurnar langaði að vera eina nótt einar, við hin ætluðum að koma á föstudeginum.“

Á miðvikudeginum kveðst Dagný hafa séð á svip starfsfólks að eitthvað lá í loftinu. „En við höldum að gestafjöldinn yrði innan settra marka. Svo horfði ég á fundinn á fimmtudeginum og strax á eftir kom tilkynning um að Sæludögum væri aflýst þetta árið.“

Dagný segir Sæludaga hafa verið fastan punkt í tilverunni hjá fjölskyldunni frá því dæturnar, sem nú eru sautján ára, voru þínulitlar. „Hjá stelpunum byrjar árið eftir Sæludaga og endar á Sæludögum, því um leið og þeim lýkur eru þær farnar að hlakka til þeirra næstu. Strákurinn okkar var líka spenntur. Þetta er svo fjölskylduvæn samkoma, góður félagsskapur, frábær dagskrá og öruggt umhverfi – það er



Alice og Ásta ansi svektar yfir að þurfa að taka niður nýja tjaldið sitt strax.



Hjá stelpunum byrjar árið eftir Sæludaga og endar á Sæludögum, því um leið og þeim lýkur eru þær strax farnar að hlakka til þeirra næstu.

hugsað fyrir öllu. Veðrið átti að vera best á þessu svæði en við erum öllu vön, eigum góð tjöld og aðstæðan inni er góð. Þetta hefði orðið mjög gaman.“

Gestir Sæludaga tóku tjaldbúðirnar niður á fimmtudaginn hægt og rólega. Við leyfðum krökkunum að vera allan daginn og hitta fólk í góða veðrinu. Keyptum svo mat af mótshöldurum svo það verða litlir sæludagar heima um helgina, læri og hamborgarar og grillaðir sykurpúðar úti í garði.“

gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNLSA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

## Svona fór um sjóferð þá var setning dagsins

Auðvitað var þetta skellur," segir Ársæll Aðalbergsson, talsmaður Skógarmanna KFUM sem þurfti að aflýsa Sæludögum. „Við vorum klár, fullt af mat komið á staðinn og búið að setja upp hoppkastala og slíkt. Þó vorum við tvístígandi. Á miðvikudagskvöld var róðurinn að þyngjast og á fimmtudagsmorgun vorum við sannfærð um að ekkert yrði af hátíðinni. Það kom á daginn.“

Ársæll segir marga gesti hafa mætt á



Ársæll finnur til með krökkunum.

miðvikudeginum. Þegar við opnuðum svæðið var biðröð út að Hótel Glym. Fólk lagði hjólhýsum og fellihýsum og reisti tjöld en mátti ekki gista þá nótt. Það mætti svo daginn eftir til að taka allt niður og setning dagsins var: Svona fór um sjóferð þá. Það þýðir ekkert að pirra sig en ég er svekktur fyrir hönd barnanna sem voru búin að hlakka til í marga mánuði og undirbúa skemmtiatriði. Allir skilja aðstæðurnar, þetta eru varúðarráðstafanir.“ – gun

# VEÐUR

LAUGARDAGUR 1. ÁGÚST 2020

## Helgin



Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð, steig fyrst á svið á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sem afleysingasöngvari. Nú verður brekkusöngurinn annað kvöld á skjánum. ➔4

**ENZYMEDICA®**

Á að grilla um helgina??



Guðrún sá umfjöllun og ummæli um Active Joints frá Eylif heilsuvörum og ákvað að prófa. Hún sér ekki eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eins og leyst úr fjötrum

Guðrún Jónsdóttir uppgötvaði Active Joints eftir að hafa lengi fundið fyrir óþægindum í líkamanum. Hún segir það hafa verið dásamlega upplifun þegar hún öðlaðist nýtt líf með Active Joints, sem hún mælir heilshugar með. ➔2



Ég get því hiklaust mælt með Active Joints frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreytist því ekki á að dásama þessa vöru, segir Guðrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

#### Framhald af forsiðu →

Guðrún segist hafa fundið fyrir óþægindum í líkamnum árum saman. „Þrátt fyrir að ég hafi farið í vel heppnaða hnéadgerð hef ég verið gjörsamlega ónýtt í líkamnum. Gat ekkert gengið vegna mikils sársauka. Ég fór til læknis og var greind bæði með vefja- og slitgigt,“ segir hún. „Ég hef prófað að taka inn ýmis konar náttúrulefni sem áttu að hjálpa og sömuleiðis hef ég farið í endurhæfingu. Það hjálpaði mér talsvert, en óþægindin héldu áfram að hrjá mig.“ Þætir hún við.

Guðrún sá umfjöllun og ummæli um Active Joints frá Eylíf heilsuvörum. „Ég las innihaldslýsingar og þær hvöttu mig til að prófa. Einnig hafði vinkona mín mælt með Actice Joints, svo það var ekkert annað í stöðunni en að prófa. Vá, ég er þakklát, því eftir einungis tvær vikur var eins og ég væri leyst úr fjötrum, eða bönd hefðu verið skorin utan af mér. Allar mínar hreyfingar urðu auðveldari og sársaukalausar,“ segir hún.

Guðrún segist finna örliðið fyrir öðru hnénu, en að öðru leyti sé þetta nýtt og betra líf. Undanfarið hef ég ekki getað stundað æfingar vegna COVID-19. Það eru tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn Active Joints og ég get gengið um í dag, sem ég gat ekki áður með góðu móti. Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útbrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með Active Joints frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreytist því ekki á að dásama þessa vöru.“

#### Vörulína frá Eylíf

Vörulína Eylíf býður upp á tvær vörur, Active Joints og Stronger Bones, sem bæta heilsu liða og styrkja beinin. Vörurnar eru unnar

úr hreinum, íslenskum hráefnum, framleiðslan fer fram á Íslandi og öll hráefnin koma úr sjálf bærum auðlindum. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á sjálfbæran hátt úr náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum.

Eins og áður segir eru tvær tegundir frá Eylíf komnar á markað, Active Joints og Stronger Bones, en tvær aðrar tegundir eru væntanlegar í haust. Þær eru fyrir húð og hár annars vegar og hins vegar fyrir meltinguna.

„Active Joints inniheldur uppbyggjandi næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á heilsu beina, liðamóta, húðar og tanna. Það hefur áhrif á auma og viðkvæma liði, eykur sveigjanleika þeirra, styrkir bein og eykur orku ásamt því að húð, neglur og hár njóta góðs af,“ segir Ólöf Rún. „Við vonum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri liðum, því með sveigjanlegri líkama erum við færari til að takast á við verkefni í dagsins önn.“

„Það eru tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn Active Joints og ég get gengið um í dag, sem ég gat ekki áður með góðu móti.“

#### Hrein hráefni og sjálfbær framleiðsla

„Eins og áður sagði notum við hrein, íslensk hráefni sem eru framleidd á sjálfbæran hátt í Eylíf vörurnar,“ segir Ólöf Rún. „Þau helstu eru kalkþörungur, GeoSi-

lica, smáþörungur (astaxanthín) og íslenskar jurtir. Kalkþörungur og GeoSilica eru í báðum vörum, en smáþörungur (astaxanthín) og íslenskt birki eru auka-lega í Active JOINTS ásamt C- og D3-vítamíni.

Kalkþörungarnir vaxa villtir neðansjavar við Vestfirði og finnast helst í Arnarfirði, þar sem þeir eru tíndir neðansjavar. „Áhrif og virkni þeirra er einstök og þeir hafa verið rannsakaðir mjög ítarlega undanfarin ár.

Margar rannsóknir hafa staðfest einstaka eiginleika þeirra og góð áhrif á líkamann: þeir styrkja beinvef, byggja upp beinin, hafa góð áhrif á

meltinguna og húðina og hafa líka reynst vel gegn sliti og óþægindum í liðum,“ segir Ólöf Rún.

GeoSilica er náttúrulegur, hágæðakísill, sem er tekinn úr náttúrulegu jarðhitaefni við Hellisheiðarvirkjun. „Kísillinn hefur öflug áhrif á bandvef og beinvef, hann styrkir húðina og eykur teygjanleika hennar. Kísill eykur líka beinþéttni, örvar hárvöxt og styrkir neglurnar, brjósmyndun og æðakerfið. Virkni hans hefur verið staðfest með rannsóknum,“ upplýsir Ólöf Rún.

Rannsóknir hafa líka staðfest virkni astaxanthín, eða smáþörungna, en það er öflugt andoxunarefni sem er 6.000 sinnum öflugra en C-vítamín, segir Ólöf Rún. „Astaxanthín hefur einstaka eiginleika og góð áhrif á líkamann og má nefna öfluga virkni fyrir húðina, vöðvana, blóðrásina,

hjartað og heilann. Það styrkir ónæmiskerfið og sjónina og virkar sem innri sólarvörn fyrir húðina, ásamt því að auka teygjanleika og mykt hennar, en margar rannsóknir hafa staðfest þessi áhrif.“

Astaxanthín er framleitt í lokuðu kerfi með hreinu, íslensku vatni, en framleiðslan er bæði vistvæn og sjálfbær og fer fram í Hafnarfirði og í Reykjanesbæ. „Allar jurtirnar sem eru notaðar í Eylíf vörulínuna eru handtindar og þurrkaðar af íslensku fyrirtæki í Hafnarfirði. Birkilauf sem notuð eru í Active Joints hafa verið notuð frá örófi alda við ýmsum kvillum og hafa vatnslosandi eiginleika,“ segir Ólöf Rún.

Nánari upplýsingar er að finna á [eylif.is](http://eylif.is)



#### Útsölustaðir:

Öll apótek, Heilsuhúsið, Hagkaup, Melabúðin, Fjarðarkaup og eylif.is



# Einkenni fæðuóþols horfin

Digest Spectrum meltingarensímin hafa hjálpað fólki með fæðuóþol og hafa einkenni minnkað mikið og jafnvel horfið. Ensímin vinna á öllum fæðutegundum og eru afar öflug og skjótvirk.

**M**eltingarensímin frá Enzymedica hafa ræki-lega slegið í gegn á Íslandi og hafa þau hreinlega umbylt lífi fjölda fólks. Meltingarensím virka þannig að þau eru tekin inn við upphaf máltíðar og virka samstundis. Fyrir suma dugar að taka þau stundum – eftir því hvað verið er að borða og aðrir nota þau með öllum máltíðum. Ensímin eru náttúruleg og því engin hættu á því að eitthvað fari úrskedis í meltingunni heldur þvert á móti, niðurbrot fæðunnar verður meira og upptaka næringarefna eykst, ásamt því að ónot og ýmsir fylgikvillar lélegrar meltingar minnka eða hverfa.

## Fæðuóþol eða ensimaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefnt fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol, sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, hvata sem brýtur niður laktósann. Reyndar er það ekki alltaf svo að einkenni fæðuóþols komi strax í ljós og geta liðið allt að 72 tímar þar til einkenna verður vart. Oft er það líka svo að þau líkamlegu einkenni sem koma fram eru þess eðlis að erfitt er að átta sig á því að um fæðuóþol sé að ræða. Ástæður fæðuóþols má oftast rekja til skorts á ákveðnum meltingarensímum og/eda að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem fæðan á að skila okkur.

## Einkennin hurfu!

Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir hefur ekki átt sjö dagana sæla, en nánast allt sitt líf hefur hún verið að kljást við vandamál tengd meltingunni. Hún er skýrt dæmi um alvarlegt tilfelli fæðuóþols og það er ekki fyrr en nú, eftir að hún fór að nota Digest Spectrum, að hún sér til sólar og er farin að njóta þess að borða og liða vel á eftir. Saga hennar er ótrúleg:

„Ég hef verið með í maganum síðan ég var litil stelpa, oft með útþaninn og harðan maga og krampaverki eftir máltíðir. Þegar ég varð eldri bættust við ýmis einkenni eins og ógleði, brjóstsviði,



Guðbjörg Inga hefur glímt við meltingarvandamál nánast allt sitt líf. Eftir að hún fór að nota Digest Spectrum fór hún loks að sjá til sólar.



nábitur og mikil læti í maganum. Einnig fann ég fyrir ýmsu öðru án þess að tengja það við meltinguna og þarmafloxuna, eins og höfuðverk, skapsveiflum, pirringi, miklu orkuleysi eftir máltíðir, húðfleckjum, bjúg, liðverkjum, vöðvabólgu, nætursvita, átti erfitt

með svefn, var með nefrennsli, augnþurrk og aukakílóin festust. Ég hef prófað næstum allt til að láta mér liða betur, en með misgöðum árangri og ef ég fann mun þá var það einungis í stuttan tíma. Einnig hef ég farið ófáar ferðir til ýmissa sérfræðinga en lítið komið út úr því, nema að endingu var ég greind hjá ofnæmslækni með óþol fyrir aukefnum í matvælum og þá bæði náttúrulegum (náttúruleg rotvarnarefni) og tilbúnum. Við að sneiða hjá aukefnum hefur margt lagast, en samt vantaði eitthvað meira til að mér liði vel. Ég sá auglýsingu um Digest Spectrum og ákvað að prófa. Ótrúlegt en satt þá fann ég mun frá fyrsta degi, öll einkenni minnkuðu til muna og mörg jafnvel hurfu. Þegar ég tek Digest Spectrum verð ég hvorki uppþembd né fæ ógleði, brjóstsviða og annað sem ég taldi upp áður. Ég finn að ég er með mun meiri orku en áður og þar af leiðandi minni pirring og skapsveiflur. Ég ákvað

Ótrúlegt en satt þá fann ég mun frá fyrsta degi, öll einkenni fæðuóþolsins minnkuðu til muna og mörg jafnvel hurfu. Aukakílóin eru einnig farin að losa takið og greinilegt að Digest Spectrum verður hluti af lífi mínu áfram.

Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir kennari

að prófa að hætta tímabundið að taka ensímin til að finna muninn og þá kom allt til baka aftur. Óþolið sem ég var greind með hefur minnkað til muna og ég þoli fullt af mat sem ég þóldi engan veginn áður. Einnig eru aukakílóin aðeins farin að losa takið án þess

að ég hafi breytt öðru, en þau hafa verið blýföst þrátt fyrir lífsstílsbreytingu og ítrekaðar viðurkenndar aðferðir til að léttast. Það er greinilegt að Digest Spectrum verður hluti af mínu lífi, ásamt Bio Kult Candea og chia-graut í morgunmat“.

## Hollur matur og óþol

Fjölmargir þjást vegna fæðuóþols af einhverju tagi og hafa ekki hugmynd um það. Það er vegna þess að erfitt getur reynst að tengja einkennin við meltinguna og þá staðreynd að kvillarnir koma fram allt að 42-72 klst. eftir að fæðunnar er neytt. Fólk getur haft óþol gegn ýmiss konar hollustufæði líka og þá getur verið enn erfiðara að átta sig, því við gerum oftast ráð fyrir því að þegar við borðum hollt, þá séum við að gera líkamanum gott.

Sölustaðir: Heilsuhillur verslana, apótek og heilsuhús.



## Collagen Beauty formula

Minni hrukkur og frísklegri húð

Inniheldur 500 mg af kollageni ásamt náttúrulegri bætiefnablöndu sem getur stutt við kollagenframleiðslu húðarinnar.

Regluleg inntaka getur hægt á öldrunareinkennum og dregið úr líkum á að finar línur og hrukkur fari að myndast of snemma.



Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Sungjó með sjónvarpinu

Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð, steig fyrst á svið á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sem afleysingasöngvari. Nú verður brekkusöngurinn annað kvöld á skjánum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir  
sigriddinga@frettabladid.is



Ingó kom fyrst fram á Þjóðhátíð með hljómsveitinni Á móti sól. Hann leysti Magna Ásgeirsson, söngvara sveitarinnar af, sem á þeim tíma tók þátt í raunveruleikabættinum Rockstar Supernova, sem margir muna eftir. Ingó átti ekki von á því að einn góðan veðurdag myndi hann leiða brekkusönginn, sem er einn af hápunktum Þjóðhátíðar, en sú varð raunin.

Hann tók við keflinu af Árna Johnsen á sínum tíma. „Árni er kannski ekki frábær gítarleikari en hann gerði þetta samt mjög vel. Hann byrjaði með þennan brekkusöng sem núna er vinsæll um allt land. Mér fannst pressa að koma á eftir honum en undirbjó mig vel og skoðaði það sem hann hafði gert og hvað myndi svo passa mínum karakteri,” segir Ingó, sem einnig hefur margoft komið fram með hljómsveit sinni, Veðurguðunum, á Þjóðhátíð.

Í ár verður brekkusöngurinn með öðru sniði en vanalega því

Þjóðhátíðin fellur niður. Það hefur aðeins einu sinni áður gerst í sögunni. „Ég ætla að telja í brekkusöng í Sjónvarpi Símans milli klukkan 10 og 11 annað kvöld. Það verður örugglega öðruvísi en vanalega, ekkert fólk í brekkunni að syngja með, en það verður gaman að syngja fyrir þá sem eru heima, í sumarbústaðnum, eða á ferðalagi og vonandi tekur fólk undir með mér,” segir Ingó, sem ætlar að taka þessi klassísku útilegulög sem allir þekkja, auk eigin laga. „Ég verð með gítarinn með mér og svo ætlar Einar Örn Jónsson að spila undir á pianó, en hann var lengst af hljómborðsleikari í svörtum fötum. Við höfum spilað mikið saman í gegnum tíðina.“

Þegar Ingó er spurður hvernig tilfinning það sé að vera í Reykjavík um verslunarmannahelgina segist hann upplifa það eins og að vera í frii. „Ég reikna með að vera í Vestmannaeyjum þessa helgi næstu árin, svo það er gaman að prófa eitthvað nýtt og koma svo sterkur inn á næstu Þjóðhátíð,” bætir hann Ingó við, en hann á ættir að rekja til Eyja. „Pabbi er þaðan og afi minn og amma búa þar, ásamt föðurbróður mínum. Ég var mikið þar sem barn, stundaði



Ingó vonar að fólk taki undir með sér þegar hann leiðir brekkusönginn annað kvöld, hvort sem fólk er heima hjá sér, í sumarbústaðnum eða á ferðalagi. Hann verður með gítarinn og fjörið í farteskinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lundapysjuveiðar og sprangaði í klettunum þar eins og krakkar í Eyjum gera,” upplýsir hann.

## Heldur hjólunum gangandi

Kórónaveirufaraldurinn hefur ekki haft áhrif á Ingó hvað varðar vinnu. „Ég hef aldrei haft meira að gera. Ég spila mikið á litlum sam-

komum, svo sem brúðkaupum og afmælum og hef ekki mikið verið með stóra tónleika. Þetta ástand er erfðast fyrir þá sem eru þar. Ég hef náð að halda hjólunum gangandi og það hjálpar að eiga vinsæl lög,” segir Ingó, sem á einmitt Þjóðhátíðarlagið í ár. „Þjóðhátíðarnefnd hafði samband við mig fyrir

„Ég hef aldrei haft meira að gera. Ég spila mikið á litlum samkomum, svo sem brúðkaupum og afmælum og hef ekki mikið verið með stóra tónleika. Ég hef náð að halda hjólunum gangandi og það hjálpar að eiga vinsæl lög.“

áramótin og það mig um að huga að því. Mér fannst það smá pressa en fékk bróður minn, Guðmund Þórarinnsson, til að semja það með mér og Halldór Gunnar Fjalla-bróðir pródúseraði síðan lagið. Ég var ekkert að stressa mig of mikið á þessu því ég hafði trú á því að lagið kæmi til okkar, sem það svo gerði. Við fylgðum eigin sannfæringu og erum mjög ánægðir með lokaniðurstöðuna en lagið heitir Takk fyrir mig.“

Hvar ætlar þú að veiða í sumar?

VEIÐIKORTIÐ 2020

www.veidikortid.is



Æðisleg bláberjakaka sem eftirréttur eða með kaffinu.

MYND/GETTY

## Styttist í berjamó

Það styttist í berjatímabilið. Berjatínsla er skemmtileg fjölskylduskemmtun og íslensku bláberin eru ljúffeng.

Elin Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Að tína ber er hin besta skemmtun. Öll fjölskyldan getur tekið þátt og fær í sig hreint loft í íslensku náttúru um leið. Þar fyrir utan eru berin vítamínrik og holl. Gaman er að taka með sér nesti og njóta náttúrunnar á milli þess sem berin eru leituð uppi. Þótt hægt sé að kaupa bláber allt árið eru þau íslensku miklu betri. Bláberin eru oft farin að þroskast vel um miðjan ágúst ef veður er gott. Það má vel tína berin með höndunum en það er fljótlega með þar til gerðri berjatínu. Bláber má frysta og geyma til vetrarins. Hér er uppskrift að bláberja-

köku sem er æðislega góð og frábært að nota nýttind ber þegar þar að kemur. Þangað til má kaupa ber og prufa kökuna um helgina.

### Bláberjakaka

350 g hveiti  
200 g sykur  
2 tsk. finhakkaður sítrónubörkur  
1 tsk. lyftiduft  
220 g kalt smjör, skorið í bita  
1 egg  
Fylling  
500 g bláber, skolið berin fyrir notkun  
50 g sykur  
4 tsk. kartöflumjöl  
Hitíð ofninn í 180°C.

Setjið hveiti, sykur, lyftiduft og sítrónubörk í matvinnsluvél og

blandið saman. Setjið því næst kalt smjör saman við og hrærið. Þá er eggji sett út í og hrært aftur.

Takið helminginn af deiginu og setjið í form sem er klætt með bökunarappír. Þrýstið deiginu fallega yfir formið með fingrunum. Setjið bláberin í skál með sykri, kartöflumjöli og sítrónuberki og hrærið varlega saman. Dreifið berjunum jafnt yfir deigið. Dreifið því sem eftir er af deiginu yfir kökuna. Má vera gróflega gert því þetta er mullningur (crumble).

Bakið kökuna í um það bil 40 mínútur eða þar til hún verður gullinbrún. Látið kólna aðeins áður en hún er borin fram. Kakan er góð með vanilluis eða peyttum rjóma. Það má alveg skreyta diskinn með ferskum bláberjum, hindberjum eða jarðarberjum.

Mest selda liðbættiefni á Íslandi

LIDVERKIR, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?

2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi

NUTRILENK GOLD 180 tablettir

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

## Starfsfólk í afgreiðslu óskast

Í boði eru vaktir bæði fyrir og eftir hádegi, einnig eitthvað um helgar. Framtíðarstarf. Íslenskukunnátta skilyrði

Áhugasamir sækja um á netfangið [bjornsbakari@bjornsbakari.is](mailto:bjornsbakari@bjornsbakari.is) merkt **ATVINNA**



## Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúi

Blönduósbær auglýsir laust til umsóknar starf Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúa. Um nýtt starf er ræða með starfshlutfalli 80 – 100%. Tilgangur starfsins er að hafa faglega umsjón með öllu menningar-, íþrótt- og tómstundastarfi Blönduósbæjar í góðu samstarfi við hlutað-eigandi aðila. Hér er fjölbreytt og skemmtilegt tækifæri fyrir skapandi og skipulagðan einstakling til að móta nýtt starf í vaxandi samfélagi. Næsti yfirmaður fulltrúans er sveitarstjóri.

### Markmið og verkefni:

- Verkefnavinna og stefnumótun fyrir menningar- íþrótt- og tómstundamál.
- Vinna náð með menningar- íþrótt- og tómstundaneftir sveitarfélagsins.
- Umsjón og þróunarvinna með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Skjólinsins.
- Er tengiliður sveitarfélagsins við félagsamtök sem eru með skipulagða íþrótt- og tómstundastarfsemi í sveitarfélaginu, á grundvelli samninga.
- Vinnur í nánú samstarfi við stjórnendur grunnskóla og íþróttamiðstöðvar.
- Er tengiliður og umsjónarmaður með verkefninu Heilsueflandi samfélag.
- Verkefnastjórn við hátíðahöld og aðra viðburði á vegum sveitarfélagsins.
- Önnur verkefni á þessu sviði sem viðkomandi er falið af sveitarstjóra.


